

Hei, það er kreppa!

Við erum ekkert að spá í þetta núna. **BLS 7**

Pique-nique í sumar

Uppskriftir, þjattrófuráð og krossgáta. **BLS 41**

3.TBL. 10.ÁRG. 2010

Skóla~~ve~~rðan



Ný lög – hvað nú?

Bls. 18

HAUSTSÝNING NÁMSGAGNASTOFNUNAR 17. ÁGÚST

Pann 17. ágúst nk. verður árleg sýning Námsgagnastofnunar á öllu efni sem stofnunin gefur út fyrir grunnskóla. Í ár er sýningin í samstarfi við Menntavísindasvið HÍ og verður haldin í húsnæði þess við **Stakkahlíð í Reykjavík**. Námsgagnastofnun mun einnig bjóða upp á fræðslufundi og kynningar á nýútkomnu námsefni.

sýningin verður frá kl. 8:30 - 16:00

Auk þess taka eftirtaldir þátt í sýningunni:

- | | |
|--|--|
|  A4 Skrifstofa og skóli |  Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins |
|  Barnasmiðjan |  Heyra.is - Hljóðbókaútgáfa |
|  Bjartur - Bókaútgáfa |  Höfum gaman ehf. - Tónlistarefni |
|  Bókaútgáfan Hólar |  Lýðheilsustöð |
|  Bókaútgáfan Salka |  Skólavefurinn |
|  Bókafélagið Ugly |  Unga ástin mín - Barnabókaútgáfa |
|  Forlagið - Bókaútgáfa |  Tölvumiðstöð fatlaðra |
|  Félag Sameinuðu þjóðanna (globalis.is) |  Varmás - SMART töflur |

Bókasafn Menntavísindasviðs verður opið á meðan á sýningunni stendur.

Allir velkomnir

Listi yfir fræðslufundi verður sendur í alla skóla í lok maí




Námsgagnastofnun

Víkurbær 3

203 Kópavogi

www.nams.is



3 Leiðari

Ný og breytt Skólavarða, samkeppni o.fl.

4 Sagan

Erindi um kjarabætur kennara árið 1941. Þá skipti máli að lifa sjálfstæðu menningarlífi. En núna?

6 Stutt

Flestir með útrunninn kjarasamning, Eiríkur Jónsson á ársfundi KÍ. Ritgerðasamkeppni o.fl. efni.

7 Málefni

Hei, það er kreppa! Við erum ekkert að spá í þetta núna. Um skólastarf árið 2010.

11 Fólkið

Heilsteypt hugmyndafræði óskast – rætt við fjóra kennara og skólastjórnendur.

16 Erindi

Það sem mölur og ryð fræ ekki grandað, Elna Katrín Jónsdóttir á ársfundi KÍ.

18 Málefni

Ný lög – hvað nú? Viðtöl um framfylgd nýrra laga um skólastig.

22 Samræða

Ný lög og leikskólinn, þrjátíu reykvískir leikskólakennarar ræða málin.

24 Samræða

Dagbjört Ásgeirsdóttir og Guðmundur Heiðar Frímansson um siðferði og siðareglur kennara.

26 Spjörunum úr

Samán hjá sátta, Sigrún Grendal spurð fréttu um tónlistarskóla.

30 Fólkið

Mínningarorð um Sigurínu Sjöfn Kristjánsdóttur og Jón Hnefil Aðalsteinsson.

32 Skólastarf

Leitin að grenndargralinu. Þróunarverkefni í samfélagsfræði í Giljaskóla.

34 Stutt

Ný ráðgjafarþjónusta í Skólavörðunni, raddheilsa o.fl. efni.

36 Fólkið

Hvers vegna ertu hér? Tveir nýir formenn í Kennarasambandinu kynna sig fyrir félagsmönnum.

40 Námsgögn

Alltaf eitthvað nýtt! Námsgagnastofnun kynnir nýtt efni.

41 Slaka á

Pique-nique í sumar, þjattrófuráð til kennara, krossgáta, myndasaga og spínatsalat.

44 Fræðin

Allir hópar eigi fulltrúa þegar skólastarf er metið, viðtal við Önnu Magneu Hreinsdóttur.

46 Smiðshöggjó

Vandinn er ekki sá að nemendur geti ekki lært heldur að þeir vilja það ekki.



Kristín Elfa Guðnadóttir

Kæru lesendur

Skólavárðan kemur eftirleiðis út fjórum sinnum á ári. Þetta tölublað er sent öllum félagsmönnum Kennarasambandsins til að kynna breytingarnar en frá og með næsta hausti verða eitt til fimm eintök af Skólavörðunni send í hvern skóla eftir fjölda kennara. **Einnig verður tímaritið sent heim til þeirra félagsmanna sem þess óska.** Í haust verða settar upp sk. „Mínar síður“ á www.ki.is þar sem félagsmenn geta meðal annars stjórnað áskrift sinni að Skólavörðunni. Við sendum bréf til ykkar allra með upplýsingum um *Mínar síður* og innihald þeirra þegar nær dregur og einnig upplýsingar um hvernig þið getið beðið um Skólavörðuna í heimsendingu. Sá möguleiki verður líka í boði að biðja um tilkynningu í tölvupósti þegar Skólavárðan er komin á vefinn.

Þá er það samkeppnin okkar. Þið getið enn sent inn myndverk á forsíðu Skólavörðunnar og/eða slagorð til birtingar í henni og Eplinu og unnið til verðlauna. Eplið er nýtt rafrænt fréttabréf sem sent er félagsmönnum að meðaltali tólf sinnum á ári. Allar upplýsingar um samkeppnina eru á www.ki.is undir Eplið, 2. tbl. **Fyrstu verðlaun** í forsíðusamkeppninni eru fimmtíu þúsund krónur og þrjátíu þúsund krónur í slagorðasamkeppninni.

Í Skólavörðunni að þessu sinni er okkur ofarlega í huga skólastarf og ný menntalög í samhengi við kreppuna. Hvað er að fréttu af **framfylgd laga** um skólastig sem sett voru árið 2008? Hvað segja kennarar og skólastjórnendur um **skólastarf í skugga kreppu**? Við fjöllum einnig um siðferði, lýðræðislegt umræðumat og tókum viðtöl við þrjá formenn í KÍ en tveir þeirra eru glænýir í starfi. Í apríl sl. var stofnað Félag stjórnenda leikskóla og er það **áttunda aðildarfélag** Kennarasambandsins. Upplýsingar um öll félögin eru á www.ki.is Þá er ný ráðgjafarþjónusta kynnt í blaðinu og á síðunum **Slaka á** er skemmtileg krossgáta með alfræðispurningum, þjattrófuráð og fleira notalegt.

Þann 19. maí sl. gaf KÍ út fjögurra blaðsíðna sérblað með Fréttablaðinu, **Kjóstu með menntun**. Skemmst er frá að segja að blaðið vakti mikil viðbrögð hjá frambjóðendum, félagsmönnum, öðrum stéttarfélögum og víðar. Auk þess var skilaboðum og yfirskrift blaðsins komið vel á framfæri í viðtali Spegilsins við Ólaf Loftsson þann 12. maí sl., hægt er að hlusta á það á vef RÚV undir **Valdar upptökur útlarp**. Kjóstu með menntun er á www.ki.is og þar setjum við líka fleira efni tengt kennurum og skólamálum í umhverfi efnahagsþrenginga. Ég hvæt félagsmenn til að senda okkur efni og ábendingar, ekki síst um **áhrif sem ákvarðanir menntayfirvalda** hafa á íslenskt skólastarf.

Gleðilegt sumar!

Kristín Elfa Guðnadóttir

Ritstjóri: Kristín Elfa Guðnadóttir kristin@ki.is

Ábyrgðarmaður: Eiríkur Jónsson eirikur@ki.is

Umsjónarmaður félagatala: Sigríður Sveinsdóttir sigridur@ki.is / sími 595 1115

Hönnun: Zetor.

Ljósmyndir: Jón Svavarsson (js), nema annars sé getið.

Forsíðumynd: Bakað í Snælandsskóla.

Auglýsingar: Stella Kristinsdóttir

stella@ki.is / sími 595 1142 eða 867-8959

Prentun: Ísafold.

Skólavárðan, s. 595 1104 (Kristín) Laufásvegi 81, 101 Reykjavík.



KENNASAMBAND
ÍSLANDS

Texti: keg

Erindi um kjarabætur kennara árið 1941

Ragnhildur S. Björnsdóttir vef- og skjalastjóri KÍ var að grúska í gömlum pappírnum og fann þá erindi sem Samband íslenskra barnakennara sendi frá sér (væntanlega til viðsemjenda) þann 25. febrúar 1941.

Þar segir meðal annars (með upprunalegri stafsetningu og greinarmerkjasetningu):

„Eins og sakir standa munu barnakennarar vera einna verst launaðir af starfsmönnum ríkis og bæja, jafnvel þótt ekkert tillit sé tekið til hins langa náms, sem nú er krafist til þess að öðlast kennararéttindi. En til þess þarf nú þriggja vetra nám í kennaraskólanum og auk þess allt að tveggja vetra nám undir skólann. Til sönnunar þessu má benda á nokkur atriði:

- Grunnlaunin eru mjög lág.
- Starfstíminn er aðeins hluti úr ári.
- Kennarar hafa ekki ýms fríðisndi, sem flestallir hafa nú, s.s. sumarleyfi með launum og fulla aldursuppbót á skömmum tíma.
- Þeir bera einir baggan af tryggingum sínum.“

Laun kennara eru svo borin saman við laun „nokkurra annarra starfsmanna hins opinbera“ og kemur þá til dæmis í ljós að byrjunarlaun kennara eru kr. 2802,50 en eftir sex starfsár eru laun bréffbera kr. 4100. Laun forstöðumanna bæjarbókasafns og ráðningarstofu eru kr. 6120 og laun sundkennara, sem virðast ekki vera í SÍB miðað við launataxta, eru kr. 5.400. Eftir fimmtán ára starf fá barnakennarar kr. 3712,50 í laun.

Þá segir: „Það hlýtur hver réttisýnn maður að sjá, að ekki er hægt að lifa sjálfstæðu menningarlífi á kr. 2802,50 á ári eða kr. 233,54 á mánuði, eins og byrjunarlaun kennara eru. Og þegar kennari hefur búið við þessi sultarlaun í 15 ár og eytt bestu árum sínum í erfitt starf og vanþakklátt, þá eru laun hans enn aðeins kr. 3712,50 á ári, eða kr. 309,37 á mánuði, eða nokkuð minna en ríkið greiðir aftöppurum í Nýborg.“

Fram kemur að kennaralaun eru ívið lægri en fátækrastrýrkur en hækka umfram hann með sk. verðlagsuppbót á janúarlaun.

Þess konar uppbót var mjög til umræðu í harðorðri árás á „Hriflulíðið“ í greininni „Ranglætið í launagreiðslum ríkisins“ í Morgunblaðinu átta árum áður, þann 26. mars 1933. Þá var á dagskrá frumvarp stjórnarinnar um að framlengja um eitt ár „dýrtíðaruppbót“ ríkisstarfsmanna. Kennarar voru innan sk. launalaga Upplýst var að „margir skrifstofumenn, birgðasalar, aftapparar o. s. frv. [voru] með hærri laun en prófessorar við Háskólann.“

Síðar í erindi kennaranna í SÍB segir: „Þegar kennarar hafa bent á, hve laun þeirra séu lág, hefur löngum verið svarað á þá lund, að á



Stríðið var í algleymingi daginn sem Samband íslenskra barnakennara sendi frá sér erindi um bág kjör kennara.


Ekki er hægt að lifa sjálfstæðu menningarlífi á kr. 2802,50 á ári.

sumrin hafi þeir tíma, tvo mánuði eða svo, sem þeir geti notað til vinnu og þar með bætt upp hin ófullnægjandi laun. En þetta er blekking ein: þróun atvinnumálanna hin síðari ár hefur orðið sú, að allar atvinnustéttir hafa með stéttarsamtökum og löggjöf útilokað alla þá, sem um stundarsakir reyna að komast inn í atvinnugrein þeirra. Einnig hefur atvinnuleysi útilokað kennara frá sumararvinnu. En auk alls þessa má benda á, að aðrar mennignarþjófdir líta svo á, að starf barnakennara sé svo þreytandi, að þeim sé nauðsyn á góðum hvíldartíma að sumrinu. Þær telja og kennarastarfið mjög þýðingarmikið fyrir þjóðfélagið, og launa kennara sína svo vel, að þeir þurfa ekki að nota sumartímann til þess að leita sér að atvinnu, svo að þeir fái örliðlar aukatekjur, heldur geti varið sumarleyfinu til hvíldar og menntunar og aukið þannig þekkingu sína á kennslu og uppeldismálum. Kennarar þar verja sumartímann til þess að vera á námsskeiðum, heimsækja uppeldisstofnanir o. fl.“

Hvar er þínum séreignarsparnaði best borgið?

Hugsaðu dæmið til enda

Fáðu ráðgjöf í síma 595 3400



Allianz 
– tryggir þína peninga

Flestir með útrunninn kjarasamning

– ekkert breyst frá ársfundi í apríl

Eiríkur Jónsson hélt inngangserindi að umfjöllun um kjaramál á ársfundi KÍ 16. apríl sl. „Eins og flestum er kunnugt,“ sagði Eiríkur, „hefur einungis tekist að gera kjarasamning vegna félagsmanna KÍ sem starfa í framhaldsskólum en félagsmenn í leik-, grunn- og tónlistarskólum eru enn samningslausir.“

Ástæðan fyrir því er að sögn Eiríks fyrst og fremst sú að félögin hafa ekki verið tilbúin að semja á þeim grunni sem LN lagði upp með í samningum við BSRB félögin sumarið 2009. „Geri félögin það verður til aukinn launamunur á milli þeirra kennara sem starfa hjá ríkinu og hinna sem starfa hjá sveitarfélögum og slíkt er óásættanlegt,“ sagði Eiríkur. „Þó launahækkningar í samningi framhaldsskólans séu hvorki miklar né skili sér til margra munar um þær hjá þeim sem lægst hafa launin.“



Hér er Eiríkur á stofnfundi FSL 30. apríl sl.

Þó launahækkningar í samningi framhaldsskólans séu hvorki miklar né skili sér til margra munar um þær hjá þeim sem lægst hafa launin.

Rifjum upp að við gerð stöðugleikasáttmála var út frá því gengið að einungis ætti að hækka launir 200 þúsund en ekki allt upp að 310 þúsund eins og síðar kom í ljós. Sú staðreynd að upplýsingum um raunverulegar launahækkningar í þegar gerðum kjarasamningum var haldið leyndum er orsök þess að mál þróuðust með þeim hætti sem raun ber vitni.

Það er ólíðandi að ekki séu viðhöfð full heilindi þegar ákveðið er að stilla saman strengi við samningaborð. Slíkt má ekki endurtaka sig. Þetta er mikilvægt að hafa í huga þar sem nú er hafin umræða um það hvort stefna beri að áframhaldandi samfloti á vinnumarkaði með einhverskonar framlengingu á stöðugleikasáttmálanum.“

Eiríkur upplýsti að fulltrúar Kennarasambands Íslands hefðu sett fram þau sjónarmið fyrir hönd félaganna að tækist ekki að gera nýja kjarasamninga fyrir öll félög innan KÍ væri „tómt mál að tala um áframhaldandi aðild KÍ að samflotinu. Til hvaða ráða á að grípa til að knýja viðsemjenda okkar að samningaborðinu?“ spurði Eiríkur. „Verkföll eru líklega hlutur sem enginn hefur áhuga á í augnablikinu. Við verðum hins vegar að finna leið til að ljúka gerð kjarasamninga.“

Frá ársfundinum í apríl hefur ekkert breyst í stöðunni en haldnir hafa verið tveir fundir hjá sáttasemjara með aðkomu allra aðildarfélaga KÍ sem semja við sveitarfélögin.



Verðlaunahafar á Hvolsvelli í góðum félagskap.

Frá Félagi enskukennara

Fimmtudaginn 6.maí sl. fór formaður FEKÍ í fylgd sendiherra Indlands og Kanada austur til Hvolsvallar til að veita sjö nemendum 9. bekkjar Hvolsskóla viðurkenningu og verðlaun fyrir þátttöku í ritmíðasamkeppni á vegum félags enskukennara. Sendiherrunum þótti mikið til skólans koma og er ljúft að styðja þetta framtak á næsta skólaári. Er von okkar að þá sláist miklu fleiri skólar um verðlaunin.



Lausar eru eftirtaldar stöður við Grunnskólann á Bakkafirði frá og með 1. ágúst nk.

Umsóknarfrestur er til föstudagsins 11. júní nk.

Kennara vantar í almenna kennsla, tungumál, textilmennt, íþróttir og heimilisfræði.

Grunnskólinn á Bakkafirði er einsetinn lítill skóli með 15 - 20 nemendum þar sem mikil áhersla er lögð á að nemendum líði vel og að allir fái nám við sitt hæfi. Á Bakkafirði búa um 100 manns í sérlega fjölskylduvænu umhverfi. Gott og ódýrt íbúðarhúsnæði er til staðar. Á staðnum er verslun. Fjölbreyttir útivistarmöguleikar eru til staðar í ósnortinni náttúru. Í boði er mjög spennandi starf í metnaðarfullu umhverfi, þar sem starfsaðstada og aðbúnaður er til fyrirmyndar í alla stadi, í mjög barnvænu samfélagi.

Upplýsingar gefa María Guðmundsdóttir, skólastjóri í sínum 473 1618 og 847 6742, maria@langanesbyggd.is og Gunnólfur Lárusson, sveitarstjóri, í sínum 468 1220 og 821 1646

Hei, það er **kreppa!** Við erum ekkert að spá í þetta núna.

Texti: keg

Myndir: js

Pegar þú hefur spurningar:

Talaðu við yfirmann þinn.

Talaðu við trúnaðarmann þinn.

Talaðu við stéttarfélagið þitt.

Talaðu við yfirstjórn skólamála í þínu sveitarfélagi.

Talaðu við sveitarstjórn/bæjarstjórn.

Talaðu við menntamálaráðuneytið.

Talaðu við fjölmiðla.

Talaðu við samstarfsmenn þína.

Ekki þegja.

Pegar kennari spurði skólastjóra hvenær farið yrði að vinna eftir nýjum menntalögum var svarið: Þegar mínir yfirmenn gefa *grænt ljós* á það. Kennarinn spurði yfirmenn skólastjórans og þeir sögðu: Þegar *reglugerðin* kemur. Reglugerðin kom og kennarinn spurði: Förum við nú að vinna eftir nýju lögnum? Yfirmennirnir svöruðu: Hei, það er kreppa. Við erum ekkert að spá í þetta núna.

Þetta er samantekt úr frásögnum kennara á öllum skólastigum, færð í búning örsögu. Á næstu blaðsíðum eru meðal annars birtar örsögur úr skólastarfi og við hvetjum kennara og stjórnendur til að senda okkur slíkar frásagnir. Þær verða allar birtar á vef KÍ og sumar í Skólavörðunni. Sögurnar fjalla um bæði jákvæða og neikvæða þætti í skólastarfi á krepputímum.

Sagan hér að ofan sýnir nokkuð sem margir kennarar og stjórnendur kannast við. Hvað er hægt að gera þegar skórinn kreppir? Má til dæmis brjóta lög? Nei, það má ekki brjóta lög. Ef þú, lesandi góður, verður vitni að lögbrotum er rétt að láta vita (og í sumum tilfellum er það skylda þín). Það er sú krafa sem almennt er gerð til þegna í samfélagi. Ef þú hefur til dæmis grun um að brotin sé 12. grein leikskólalaga um húsnæði og fjölda barna í leikskólum eða 13. grein grunnskólalaga um rétt nemenda er rétt að láta ráðuneyti menntamála vita af því. Hættum við að borga skatta, fara með bílinn í skoðun og greiða skólagjöld af því að það er kreppa? Áður en við hættum að gera hluti sem við teljum að okkur beri skylda til og að sátt ríki um þarf samfélagslega samræðu, svör, nýja lagasetningu, reglugerðarbreytingar, lagabreytingar: Allt eftir því hvað málið snýst um. Það verður ekki gert með orðunum: Hei, það er kreppa!





Tjarnarsel, Reykjanesbæ » Örsaga úr starfinu

Leikskólinn Tjarnarsel hefur frá síðastliðnu hausti unnið að þróunarverkefni sem hefur það að markmiði að efla mál- og læsibroska barnanna. Verkefnið gengur meðal annars út á það að lesa fyrir börnin á enn markvissari hátt en áður, en skólinn hefur í sjö ár lagt áherslu á lestrar- og skriftarnám. Ekki einast er lestur bóka hluti af daglegu starfi heldur læra börnin og leika með orð samhliða sögulestrinum. Árdís Hrönn Jónsdóttir leikskólakennari stýrir þessu verkefni sem heitir: „Bók í hönd og þér halda engin bönd.“ Drengur sem er nemandi í skólanum mætti glaðhlakkalegur einn morguninn og sagðist hafa lært nýtt orð heima í gær sem *enginn í leikskólanum kynni*. Þetta var orðið „strandaglópur“ en kvöldið áður hafði móðir hans lesið fyrir hann sögu þar sem það kom fyrir. Drengurinn útskýrði merkingu orðsins fyrir hinum börnunum og í framhaldi spunnust fjörugar umræður, meðal annars um sjónvarpsfrétt um kindur sem voru í sjálfheldu og þurfti að bjarga með ærinni fyrirhöfn.

Hof, Reykjavík » Örsaga úr starfinu

Einkunnarorð okkar eru virðing, gleði og sköpun. Þetta skólaár höfum við lagt sérstaka áherslu á að „hleypa kreppunni ekki inn í leikskólann“. Það hefur tekist mjög vel. Starfsmannahópurinn hefur verið að undirbúa námsferð til New York og hefur það þjappað okkur saman, við tókum líka þátt í *Lífshlaupinu* og *Hjólað í vinnuna*. Aðaláhersla er lögð á samkennd og samvinnu starfsfólks og þetta ratar beinustu leið út í barnahópin.

Menntaskólinn í Kópavogi » Örsaga úr starfinu

Gildi Menntaskólans í Kópavogi eru þekking, þroski, þróun. Við höfum verið á flugi í framsæknu skólastarfi og ætlum að halda því áfram eins og kostur er þrátt fyrir erfiðar þjóðfélagsaðstæður, kreppu og ójöfnuð.

Það er samt ekki spurning að ástandið bitnar verulega á kennurum og nemendum, sem dæmi má nefna að kennarar þurfa að kenna stærri nemendahópum og nemendur standa frammi fyrir fábreyttara námsvali en áður. Við í MK leggjum áherslu á að kenna nemendum okkar umburðarlyndi og sanngirni, sjálfstæða hugsun og góð vinnubrögð, og ást á landi og þjóð þrátt fyrir allt. Undanfarnir ár hafa nemendur MK verið með fatamarkað á vegum Rauða krossins þar sem safnað er fé sem sent er til bágstaddir. Það veitir mikla gleði, bæði gefendum og þiggjendum.

Eyrarskjól, Ísafirði » Örsaga úr starfinu

Við tókum þann pól í hæðina að láta kreppuna ekki hafa áhrif á okkar góða og metnaðarfulla starf. Við erum svo heppin að í nálægð við leikskólann er fjölbreytt náttúra og margir möguleikar til útiveru. Útikennsla hefur verið eitt af okkar aðalsmerkjum, frábær leið í skólastarfi og kostar ekki mikið. Undanfarna tvo vetur hafa börnin farið út með verkefni sama hvernig viðrar og við fléttum alla námsþætti inn í. Þvílík gleði að þramma af stað með heitan drykk og hressingu og takast á við krefjandi verkefni úti í náttúrunni! Við höfum komið okkur upp eldstæði í lóðinni, nú erum við að fara að byggja skýli og fengum að nýta tré sem skógræktin grisjar. Á hverjum vetri förum við í skíðaferð á fallegasta göngusvæði landsins, Seljalandsdal, þvílíkur dásemdardagur: Gönguskíði, grilla pylsur, hita kakó, sól, sleðar... rjóð í kinnum og vindur í hárið - frískir krakkar allt árið!

Tónlistarskóli Húsavíkur » Örsaga úr starfinu

Tónlistarskóli Húsavíkur leggur áherslu á fjölbreytileika og sveigjanleika í starfi sem leið til að koma til móts við þarfir hvers og eins og þá jafnframt samfélagsins í heild. Á þann hátt leggjum við okkar af mörkum til að gera Húsavík að öflugum menningarsamfélagi og þar með aðlaðandi til búsetu. Í markvissu samstarfi Tónlistarskólans við



Notaðu rétt þinn til að hafa áhrif á skólamál í þínu sveitarfélagi

Fulltrúar skólustjóra, kennara (bæði í leik- og grunnskóla) og foreldra eiga seturétt í skólameyndum sveitarfélaga með málfrelsi og tillögurétt. Félag grunnskólakennara hefur kynnt sér hvernig að þessu er staðið og komist að því að allur gangur er á því í smærri sveitarfélögum. Sums staðar eru þessir fulltrúar ekki boðaðir á fundi, hvað þá að greitt sé fyrir fundarsetu.

Skólameistari í stórum framhaldsskóla úti á landi segir svo frá:

Það hefði þurft að bæta við tveimur til þremur verkefnisstjórum vegna nýrra eða nýlegra verkefna í kjölfar innleiðingar nýrra laga og vegna nemenda af erlendum uppruna. Í stað þess varð að hagræða í verkefnastjórnun og jafnvel sviðsstjórn - og eins hefur verið dregið úr erlendum samskiptum.

Niðurskurður er farinn að hafa mikil áhrif í framhaldsskólum

Í febrúar 2010 sendi Félag framhaldsskólakennara spurningalista til skólameistara. Aðspurðir sögðu 21 skólameistari að niðurskurður væri farinn að hafa mikil áhrif á framhaldsskólastiginu. Almennt hefur aukin nýtingarkrafa leitt þess að kennslumagn hefur minnkað. Reynt er að halda uppi hefðbundnu áfangaframboði og verja námsframboð en víðast hvar er minna í boði fyrir nemendur en áður. Þá hefur valáföngum fækkað og þeir áfangar sem ekki ná viðmiðum eru felldir niður um hópstærð. Hópar eru einnig stærri núna og dýrir hópar aðeins í boði aðra hverja önn eða jafnvel sjaldnar. Í einhverjum skólum er ekki lengur um verklega tíma í raungreinum að ræða. Eins hefur kennsla grunnskólanemenda í framhaldsskólaáföngum að mestu verið skorin niður.

Sömu sögu er að segja í þeim skólum sem bjóða upp á kvöld, fjar/dreif- eða meistaranám, þar hefur orðið verulegur niðurskurður. Einn skóli sem hefur boðið upp á kvöldnám til stúdentsprófs lofar nemendum sínum einungis að þeir geti útskrifast af félagsfræðibraut í kvöldskóla og býður aðeins upp á eitt þriðja mál. Þá sagði einn skólameistari frá því að nú fengu aðeins útskriftarnemendur að taka P-áfanga.

grunnskóla og leikskóla hefur verið þróað námsframboð sem nær til allra nemenda í nokkrum af yngri árgöngum grunnskólans og elstu nemenda leikskólans. Einnig hefur skólinn boðið upp á fjölbreytta valáfanga í tónlist á unglíngastigi í samvinnu við grunnskólann. Þessi þjónusta kemur öll til viðbótar hefðbundnu tónlistarnámi, þ.e. að nemendur geta innritað sig í tónlistarnám með „hefðbundnum“ hætti. Á undanförmum árum hafa nemendur í Tónlistarskólanum verið um 350 eða fleiri en í grunnskólanum.

Með nýjum lögum og námskrám fyrir framhaldsskóla sjáum við mörg tækifæri til að þróa nánara samstarf við Framhaldsskóla Húsa- víkur þar sem byggt verður á þeim grunni sem nemendur á Húsavík búa að eftir öflugt tónlistarnám á leik- og grunnskólaaldri

Í þeim mikla niðurskurði sem Tónlistarskólinn hefur tekið á sig hefur áherslan verið á að verja „skólalífanið“ þannig að þekking sem orðið hefur til á undanförmum árum glattist ekki. Kennsla og skólaþróun er þekkingarstarf sem langan tíma tekur að þróa en mjög fljótlegt er að eyða með vanhugsuðum „sparnaði“. Mest hefur verið skorið niður í stjórnun við skólann og með því móti hefur tekist að tryggja að allir kennarar hafa haldi stöðu sinni.

Árni Sigurbjarnarson skólustjóri

Barnabær, Blönduósi » Örsaga úr starfinu

Í tengslum við fjárhagsáætlunargerð fyrir árið 2009 ákvað bæjarstjórn Blönduósbæjar að segja upp yfirvinnu vegna starfsmannafunda með þriggja mánaða fyrirvara. Mótmælalabréf var sent til baka með faglegum rökstuðningi og í stað starfsmannafunda fengum við einn starfsdag í viðbót árið 2009. Öllu starfsfólki Barnabæjar fannst miður að missa fundina því þar fór fram umræða sem allir tóku þátt í. Því var ákveðið að fara þá leið að halda tvo fundi á vorönn og tvo á haustönn 2010. Allir skrifuðu undir samþykki þess efnis að taka frí í stað þess að fá greidda yfirvinnu. Fríið er tekið í samráði við leikskólustjóra og þetta er gert með vitund bæjaryfirvalda. Þetta hefur reynst vel því eins og allir vita sem starfa í leikskólum eru starfsmannafundir eini vettvangurinn

þar sem allur hópurinn getur hist, rætt saman á faglegum nótum og tekið sameiginlega á málum sem upp koma. Við söknuðum fundanna, bæði vegna faglegrar umræðu og ekki síður félagslega því okkur finnst mjög gaman á starfsmannafundum.

Leikskólinn Klambrar, Reykjavík » Örsaga úr starfinu

Þrátt fyrir erfitt ástand í þjóðfélaginu og sveiflu niðurskurðarhnífins reynum við á Klömbrum að halda í vonina og leggjum hart að okkur til að óskir okkar geti ræst. Eina ósk höfum við borið í Klambra hjartanu okkar í talsvert langan tíma. Við vitum að óskir rætast ekki á einu augabragði og oft og tíðum þarf að vinna hörðum höndum og allir að leggja hönd á plóg til að ósk verði að veruleika. Í nokkur ár höfum við flokkað, endurnýtt, molað og reynt eftir fremsta megni að hugsa vel um náttúruna okkar með það að leiðarljósi að einn daginn myndum við getað flaggað Grænfána. Það var því með miklu stolti í sálinni sem við tókum við Grænfána þann 14. maí frá Landvernd. Óskir geta ræst.

Skólameistari í stórum framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu um áhrif kreppu á líðan og stöðu nemenda

Efnahagskreppan er farin að hafa áhrif á nemendur, bæði félagslega og fjárhagslega. Fleiri nemendur hafa verið bókalasir nú í upphafi annar en við höfum áður heyrt af. Þá eru fleiri mál sem koma inn á borð námsráðgjafa vegna þunglyndis og kvíða nemenda sem rekja má til efnahagsástands heimila. Bæta má við að nemendur hafa til dæmis miklar áhyggjur af atvinnumálum foreldra sinna, atvinnuleysi í mörgum tilfellum eða yfirvofandi hættu á atvinnumissi. Einnig eru dæmi þess að foreldrar þurfi að sækja atvinnu langt að, jafnvel milli landa og það hefur áhrif á líðan nemenda og stöðu fjölskyldunnar.



Texti: Hreiðar Sigtryggsson.

Hreiðar er skólastjóri Langholtsskóla í Reykjavík og formaður Skólastjórafélags Reykjavíkur.

Menntun í fyrsta sæti – forgangsröðun í þágu barna

Reykjavíkurborg hefur eins og önnur sveitarfélög landsins sett fram metnaðarfulla stefnu í fræðslumálum. Í henni segir meðal annars að grunnskólinn skuli vera án aðgreiningar, nám við hæfi hvers og eins, skólustarfið eigi að vera skapandi og skólinn skuli stuðla að jákvæðri sjálfsmynd nemenda. Í málflutningi stjórn mála- og embættismanna hefur komið fram að ekki standi til að gefa afslátt af kröfum til skólustarfs og áfram verði unnið í anda þeirrar skólastefnu sem boðuð hefur verið.

Það er fagnaðarefni að yfirvöld hafi metnað til að standa vörð um menntun barna en spurningar hljóta að vakna um hvernig mæta megi þörfum nemenda með æ minna fjármagni frá ári til árs.

Sparnaðaráttak hófst í grunnskólum borgarinnar á fyrstu dögum kreppunnar í október 2008. Allir rekstrarþættir voru brotnir til mergjar, innkaup endurskoðuð og yfirvinna skorin niður eins og hægt var. Hagræðing haustið 2008 breyttist í hreinan niðurskurð árið 2009 og enn meiri 2010. Áhersla var lögð á að halda úti kennslu í samræmi við lög og reglugerðir en skera niður af öðrum þáttum, svo sem stjórnun, gæslu í frímínútum, félagsstarfi, ferðalögum nemenda, almennum rekstri og orkunotkun.

Niðurskurðurinn er kominn að þölmörkum. Með frekari niðurskurði verður að draga úr þjónustu við nemendur eða hreinlega hætta að sinna ákveðnum þáttum sem skólinn hefur nú á sinni könnu.

Þörf fyrir gæslu í frímínútum og matartímum er meiri en nokkru sinni og öflugt félagslíf í skólum gegnir mikilvægu hlutverki í því ástandi sem ríkir í samfélaginu og endurspeglast í líðan nemenda. Niðurskurðurinn er kominn að þölmörkum. Með frekari niðurskurði verður að draga úr þjónustu við nemendur eða hreinlega hætta að sinna ákveðnum þáttum sem skólinn hefur nú á sinni könnu.

Sveitarstjórnarmenn standa frammi fyrir vandasömum verkefnum. Grunnskólinn er stærsti einstaki málaflokkur sveitarfélaganna. Ábyrgðin er því mikil þegar teknar eru ákvarðanir sem hafa áhrif á framtíð heillar kynslóðar. Með frekari niðurskurði er hætt við að gengið verði svo nærri grunnskólum í landinu að þeir láti á sjá og nemendur fái ekki þá menntun sem þeim ber. Mál er að linnu. Stjórnarmálamenn verða að forgangsraða í þágu menntunar – forgangsraða í þágu barnanna í landinu.

Afturábak eða áfram?

VORIÐ 2008 ÁKVÁÐUM VIÐ AÐ:

- Hugsa skólustarf, og löggjöf um það, miklu meira út frá nemandanum og þörfum hans en áður hafði verið gert.
- Auka fjölbreytni og fjölgva valkostum í námi.
- Hvetja alla nemendur af alefli og með öllum tiltækum ráðum til að stunda skólanám til að minnsta kosti átján ára aldurs.
- Fækka stórlega í hópi þeirra sem flosna úr námi fljótlega eftir að grunnskóla lýkur.

EN SVO KOM KREPPAN

...og nú erum við enn verr stöð en fyrir nýju lögin um leik-, grunn- og framhaldsskóla frá vori 2008. Þetta er að gerast:

- Verri þjónusta við nemendur.
- Fábreyttara námsframboð.
- Jafnmikið brottfall.
- Stærri námshópar.
- Minni tími fyrir hvern nemanda.

Elna K. Jónsdóttir

SPURÐU STJÓRN MÁLAMENNINA

- Hvað finnst þér skipta mestu máli í skólumálum?
- Ætlar þú að skera niður í skólumálum? Ef svo, nákvæmlega hvað ætlarðu þá að skera niður?
- Veist þú hvaða breytingum fjárframlög til skólalands í sveitarfélaginu þínu hafa tekið eftir 2008?
- Veist þú hvaða þættir hafa verið skornir niður og áhrif þess á starf í skólunum?
- Mörg börn fá ekki aðstoð við heimanám heima hjá sér. Ætlar þú að sjá til þess að þau fái það í skólunum?
- Í sumum löndum er leikskólinn gjaldfrjálstur að öðru leyti en því að foreldrar borga fyrir máltíðir. Hvað finnst þér um þetta?
- Geta allir foreldrar í þínu sveitarfélagi keypt mat fyrir börnin sín í skólamötuneyti?
- Eru ungmenni í þínu sveitarfélagi sem ekki komast í framhaldsskóla vegna fjárhagserfiðleika foreldra þeirra?
- Ætlar þú að taka þátt í hækkan gjalda í skólum og á frístundaheimilum á næsta kjörtímabili?
- Hefur þú hugleitt hvað jafnrétti til náms þýðir?
- Ert þú vakandi yfir hvers kyns félagslegri mismunun barna og ungmenna? Skiptir það þig máli að koma í veg fyrir hana?
- Hefur þú kynnt þér skólustarf í sveitarfélaginu sem þú vinnur fyrir? Með hvað hætti?
- Þekkir þú löggjöf um skólustarf, hefurðu til dæmis kynnt þér vel menntalögin frá 2008?
- Hver eða hverjir eru mikilvægustu málaflokkarnir í hverju sveitarfélagi að þínu mati? Af hverju?
- Hefur þú hugleitt hlutverk tónlistarskóla innan menntakerfisins?
- Hver er þín skoðun á mikilvægi listkennslu og skapandi starfs fyrir menntakerfi samtímans?
- Hver er þín skoðun á einstaklingsmiðuðu námi?
- Hvað vilt þú gera til að efla samstarf skóla og heimila?
- Fá öll ungmenni í þínu sveitarfélagi nám við hæfi?



Texti: Vala Ósk Bergsveinsdóttir

Myndir: js, Vala Ósk Bergsveinsdóttir og úr einkasafni

Heilsteypt hugmyndafræði óskast

Nú þegar sveitarstjórnarkosningar eru nýafstaðnar er tilvalið að líta yfir síðustu misseri í skólstarfinu. Hvernig hefur gengið og hvað er framundan? Vala Ósk Bergsveinsdóttir ræðir við fjóra kennara um hina títtnefndu kreppu og hugsanleg áhrif hennar á nemendur og færir stjórnámálamönnum skilaboð frá kennarastéttinni.



Kynni sér betur það sem fram fer í leikskólum



„Nauðsynlegt að borgarfulltrúar kynni sér starfsemi leikskóla betur,“ segir Friðbjörg.

„Fólkið sem stjórnar leikskólamálam borgarinnar þyrfti að kynna sér betur það sem fram fer í leikskólum,“ segir Friðbjörg Gísladóttir deildarstjóri á Hólaborg þegar hún er innt eftir skilaboðum til þeirra sem komast til valda í Reykjavík eftir sveitarstjórnarkosningar. Hún segir órar breytingar í borgarstjórn undanfarin fjögur ár ekki hafa haft mikil áhrif á starfsemi leikskólanna. Eitt eigi flokkarnir þó sameiginlegt og það séu loforðin sem yfirleitt eru ekki efnd.

„Það þarf auðvitað að hugsa til enda hvað er verið að skera niður í leikskólum,“ útskýrir Friðbjörg. „Við þurfum ákveðin verkfæri til að vinna með í þessu starfi en nú má ekki kaupa inn neitt af námsgögnum sem til þarf. Þeir fjármunir sem áætlaðir eru á hvert barn til námsgagnakaupa eru það litlir að þeir eru algjörlega óraunhæfir.“

Þversagnir í framkvæmd

Friðbjörg telur að of oft sé vísað til leikskólastjóra um ábyrgð á eyðslu og sparnaði og nefnir dæmi um skrítna hugsun. „Áður fyrr voru bréf og tilkynningar send í leikskóla og dreift til kennara eða barna eftir því sem við átti. Nú eru bréf send í tölvupósti og hver leikskóli á að prenta út og dreifa. Þannig hefur kostnaður verið færður til leikskóla ólíkt því sem áður var. Þá eru þessi dreifibréf oftar en ekki í ýmsum litum en þeim tilmælum er ítrekað beint til leikskóla að prenta ekki í lit.“

Þegar Friðbjörg er spurð út í líðan nemandu og kennara í kjölfar hrunsins segist hún ekki sjá mun á börnunum. „Foreldrar hafa þó augljóslega minna á milli handanna og spyrja okkur frekar ráða um góð kaup á fatnaði og slíku, enda hefur allt hækkað,“ segir hún. „Fólk virðist því hugsa meira um hvað peningarnir fara í. Hvað varðar andlega þáttinn þá finnst mér við ekki hafa fundið eins miklar breytingar á börnunum og við bjuggumst við, í raun sáralitlar. Það er auðvitað jákvætt.“

Skertur undirbúningstími

Engu starfsfólki hefur verið sagt upp á Hólaborg eða starfshlutfall verið minnkað en Friðbjörg segist þó heyra af breytingum á öðrum leikskólum, þar á meðal að starfsdagur

Foreldrar hafa augljóslega minna á milli handanna.

séu nýttir í fleiri verkefni en áður vegna yfirvinnubanns. „Starfsfólk fær ekki þann undirbúningstíma sem það á rétt á samkvæmt kjarasamningum. Sérkennsla hefur minnkað, þróunarstarf er í biðstöðu og afleysingar í lágmarki,“ útskýrir hún.

Ef ekki gefst nægur tími til að undirbúa starfið líkt og nauðsynlegt er eykst álag á starfsfólk auðvitað til muna. „Gæðin verða því óhjákvæmilega ekki eins mikil og þau ættu að vera og þetta bitnar auðvitað á börnunum að lokum,“ segir Friðbjörg.

Um tillögur til þeirra sem starfa í borgarstjórn á nýju kjörtímabili segir Friðbjörg meðal annars nauðsynlegt að auka samskipti leikskóla og þeirra sem stjórna. „Það fólk sem stjórnar veit ekki hvað fer fram á leikskólunum og hefði gott af því að kynna sér það frekar áður en haldið er áfram að skera niður. Ég held að fæstir brúðli og það er löngu búið að skera niður eins og hægt er.“

Vinum saman að þverpólítísku markmiði



Kristján Guðmundsson framhaldsskólakennari er hjartsýnn á framtíðina.

Kristján Guðmundsson kennari í félagsgreinum í Kvennaskólanum í Reykjavík segir margt jákvætt hafa gerst í þjóðfélaginu eftir efnahagshrunið árið 2008. „Fyrir hrun fannst mér Ísland vera komið í tóma steypu, þar á meðal nemendur, en ég held að þeir hafi róast mikið síðan þá,“ segir hann. „Ég greini augljósa viðhorfsbreytingu hjá nemendum. Fyrir hrunið voru þeir orðnir ógnvekjandi ópólítískir en þetta hefur breyst.“

Þá telur Kristján að kennarar hafi fengið aukið starfsöryggi í hinu nýja umhverfi og áttað sig á því að þeir séu í starfi sem fólk sækir í. „Fyrir kreppu var erfitt að fá kennara til starfa en nú berast tugir umsókna þegar auglýst er.“

Þarf að sýna stuðning í verki

Kristjáni finnst vera mikil vöntun á heilsteyptri hugmyndafræði í framhaldsskólum á Íslandi. „Við þurfum að vinna saman að ákveðnu þverpólítísku markmiði,“ segir hann. „Það er ekki bara hægt að halda því fram að Ísland styðji við bókvit og menntun, það þarf að sýna það í verki. Ég tel að líta eigi til hugmyndafræði Norðurlanda í skólamállum, til dæmis til Danmerkur. Þar er stutt mun betur við nemendur en gert er hér og við verðum að fara að skipuleggja skólastarfið í grasrótinni.“

Ég hef til dæmis furðað mig á því hversu oft eru teknar stórkostlegar ákvarðanir. Það er eins og einhver gangi um og slöngvi fram ákvörðunum,“ segir Kristján og útskýrir frekar. „Þetta sjáum við til dæmis hvað varðar samræmdu prófin. Einu sinni voru þau fjögur og fór svo fjölgandi í sex. Þetta hafði lamandi áhrif á framhaldsskólana því allir fóru að kenna í samræmi við þetta. Litlir skólar fóru að þvinga getulitla nemendur frá því að taka próf til þess að meðaltalið í þeirra skóla væri betra en í þeim næsta. Þetta sýnir óeðlilega skoðun, hegðun og algjöra miðstýringu. Svo allt í einu, næsta ár á eftir, voru öll samræmdu prófin sniðin burt einn, tveir og þrír! Þetta

Ég held að við séum að útskrifa hæfa og fína krakka.

sýnir vel að alla hugmyndafræði vantar.

Hvað varðar lengingu skólaársins þá er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því að atvinnuþátttaka ungs fólks getur ekki verið eins og áður,“ segir Kristján. „Eflaust eru uppi hugmyndir um að lengja skólaárið enn frekar en það útilokar atvinnumöguleika ungs fólks, enda oft enga vinnu að fá. Ég tel það geta verið góða þróun en þá þarf að styðja betur við nemendur með fjárstyrkjum og mun betri aðstöðu. Það er ekki hægt að lengja skólaárið án þess að aðstaða eða stuðningur sé til staðar.“

Hæfir og fínir krakkar

Kristján telur að innleiða þurfi hugmyndafræði sem land og þjóð geti verið stolt af og vilji viðhalda. Margt sé gert vel en betur má ef duga skal og hann er mjög bjartsýnn á ungt fólk og framtíðina. „Það er mjög sterkt að fólk sækir í skóla eftir hrun og ég held að við séum að útskrifa hæfa og fína krakka. Það skiptir ekki máli hvað fólk velur að læra, það mun skila sér. En við verðum líka að veita þeim skólakerfi og atvinnutækifæri sem við erum stolt af.“

Nemendur jákvæðir og hressir



„Það má aldrei gleyma að innviðir skólans eru forgangsmál,“ segir Sigrún Berglind.

„Þó að nemendur Grunnskólans í Þorlákshöfn hafi fylgst með umræðunni um bankahrunið þegar hana bar sem hæst eru þeir löngu hættir að fylgjast með slíkum fréttum nú, og það á nú kannski að mörgu leyti við um okkur fullorðna fólkíð líka.“ Þetta segir Sigrún Berglind Ragnarsdóttir enskukennari skólans. „Í hverri viku spjöllum við til dæmis um ýmis mál á ensku í tímum og þessi mál komu að sjálfsögðu inn í umræðuna þá en einnig var fjallað um ástandið til dæmis í lífsleiknitímum.“

Hún segist ef til vill hafa séð merkjanlegar breytingar á krökkunum í byrjun þegar fréttir voru miklar, að þá hafi þeim brugðið svolítið, en þegar á heildina sé litið séu nemendurnir

jákvæðir og hressir. Þá hafi ekki dregið úr félagsstarfi utan skóla eins og íþróttum eða tónlistarnámi og næga sumarvinnu sé að fá. „Þeir krakkar sem vilja, fá vinnu hér í sumar. Það er nóg að gera í frystihúsunum og ekki mörg heimili á svæðinu sem hafa orðið fyrir barðinu á atvinnuleysi.“ Sigrún Berglind segir hugsanlegt að margir nemendur séu nú meira vakandi fyrir peningahliðinni og telur að e.t.v. hafi hugarfar þeirra eitthvað breyst. „Mörg hver eru orðin eitthvað raunhæfari í hugsun um peninga,“ segir hún.

Hvert mál vegið og metið

Í kjölfar efnahagshrunsins hafa stofnanir á vegum ríkis og sveitarfélaga um land allt fengið tilmæli um hagræðingu og þar er Grunnskólinn í Þorlákshöfn engin undantekning. „Það hefur engum verið sagt upp en yfirvinna er engin og það hefur komið sér illa fyrir marga,“ segir Sigrún Berglind. „Það hefur einnig þurft að hugsa margt út frá nýjum útgangspunkti og við þurfum að vege og meta hvert mál fyrir sig, til dæmis valgreinar, auka faggreinatíma og slíkt. Auðvitað er hagræðing nauðsynleg og ég tel að skólastjórinn hafi ásamt starfslíði sínu gert sitt besta til þess að hlutirnir gangi sem best fyrir sig.“

Innviðir skólans mikilvægir

Nú er tími fyrirtækjaheimsókna frá frambjóðendum fyrir sveitarstjórnarkosningar og segir Sigrún Berglind frambjóðendur auðvitað vera jákvæða og áhugasama þegar þeir komi í heimsókn. „Það er góð umræða um skólamálin hér í samfélaginu en það er mikilvægt að sveitarstjórnin passi að niðurskurður, sem okkur hefur reyndar verið sagt að sé ekki fyrir hendi, komi ekki harkalega niður á skólum.“

Grunnskólinn býr við góðan húsakost og Sigrún Berglind segist bjartsýn á áframhaldandi jákvæðni í garð skólafarsins. „Skólamálin hafa haft meðbyr og það sýna til

dæmis áberandi framkvæmdir vegna skólalámsnæðis. Það má þó aldrei gleyma að innviðir skólans eru forgangsmál.“

Ekki er þó allt eins og það var fyrir hrunið sem sést til dæmis í niðurskurði á skólaferðum nemenda sem fá nær engar vorferðir lengur. „Það er óskaplega leiðinlegt að þurfa að leggja niður þessar ferðir sem hafa verið fastur punktur svo lengi.“

Heildarsýnin gruggug

„Ég er ekki alveg viss um að hugmyndafræði skólamála hafi náð lendingu,“ segir Sigrún Berglind aðspurð um stefnu og skipulag menntunar á Íslandi. „Endurnýjun grunnskólaganna var kannski ekki alveg raunhæf og heildarsýnin svolítið gruggug.“ Hún nefndir samræmdu prófin í því samhengi og að það mál þurfi að klára í eitt skipti fyrir öll. „Það veit enginn hvert stefnir og greinilega hefur engin lokaákvörðun verið tekin því enn aðrar útfærslur eru á lokaprófum í ár en í fyrra og árin þar á undan.“ Þá er hún ekki ánægð með tækifæri grunnskólabarna utan af landi til að velja framhaldsskóla, í rauninni sé þar enginn valkostur lengur. „Fjölbrautaskóli Suðurlands er okkar svæðisskóli og því hafa nemendur héðan ekki nóg mikla möguleika á að komast

Það er nóg að gera í frystihúsunum.

inn í framhaldsskóla í Reykjavík. Það er í raun verið að flokka fólk eftir búsetu og það er aldrei af hinu góða.“

Sigrún Berglind er almennt jákvæð á framtíðina enda sé hún yfirleitt jákvæð manneskja. „Við kennarar erum í frábæru starfi með frábæran efnivið og það er bjart framundan!“

Gott samstarf á Akureyri



Matti Tapani Saarinen frá Finnlandi hefur starfað sem gítarkennari á Íslandi í fjögur ár.

Matti Tapani Saarinen fluttist hingað frá Finnlandi fyrir fjórum árum og hefur kennt á gítar bæði á Egilsstöðum og Akureyri. Hann hefur starfað í Tónlistarskólanum á Akureyri, Tónak, síðan í haust.

Tónlistarskólinn heyrir undir skólanefnd Akureyrar og vinnur í samstarfi við grunnskóla í bænum. Matti kennir til dæmis tvisvar í viku í Brekkuskóla utan þeirrar kennslu sem fram fer í sjálfum tónlistarskólanum. Hann segir samstarf við grunnskóla vera mjög mikilvægt og telur að jafnvel mætti auka það enn frekar. „Ég kenni meðal annars krökkum sem eiga erfitt í skóla og hópkenntu hentar þeim ekki,“ segir Matti. „Samstarfið við grunnskólana gengur almennt mjög vel. Mér finnst þó stundum að það mætti vera meira samstarf um þá krakka sem eiga erfitt fyrir. Það þyrfti jafnvel að gefa tónlist og öðrum listgreinum meira vægi í skólunum.“

Þá hafa tónlistarskólinn og Akureyrarbær lagt vinnu í að meta starfsemina í samburði við kennslu í grunnskólum. „Verið er að vinna með atriði eins og kennsluskyldu, viðveru og slíkt sem er þekkt í grunnskólunum,“ útskýrir hann.

Engin niðurgreiðsla

Matti var á Egilsstöðum fyrir tveimur árum þegar efnahagslægðin skall á þjóðinni og segir að þar hafi tónlistarkennararnir fundið fyrir nokkrum breytingum á nemendum. „Í mörgum tilvikum fóru foreldrar að sýna tónlistarnámi barna sinna enn meiri áhuga og athygli, helst vegna þess að þeir höfðu minni vinnu en áður,“ segir hann. „Sumir þurftu að hætta vegna skólagjalda því Egilsstaðabær hætti að greiða niður ýmist tólmstundarstarf. Sem betur fer var þó ekki mikið um það.“

Meiri tónmennt í Finnlandi

Þegar Matti ber saman tónlistarnám í Finnlandi og hér á Íslandi segir hann kerfið vera nokkuð svipað, nemendur þar þurfi þó að taka

inntökuþróf í tónlistarskóla sem þeir þurfi ekki að gera hér. Þá telur hann skólagjöldin vera svipuð. „Það er þó áherslumunur á

Það mætti vera meira samstarf um þá krakka sem eiga erfitt.

tónlistarkennslu í þessum tveimur löndum. Hér á Íslandi er mjög misjafnt hvort og hversu lengi tónmennt er kennd. Til dæmis er hún ekkert kennd á Egilsstöðum í ár. Í Finnlandi er tónmennt kennd mun lengur og í öllum grunnskólum.“ Matti segir enn fremur að þar sé hljóðfærakennslan líka venjulega kennd inni í grunnskólunum en víða sé það ekki gert hér. Hann er því ánægður með þá stefnu Tónak og Akureyrarbæjar að fara með tónlistina inn í skólana.

Tónmennt mikilvæg

Matti telur mikilvægt að sem mest tónmennt sé kennd í grunnskólum og að leggja megi meiri áherslu á það víða hér á landi. „Ef engin tónmennt er kennd á grunnskólastigi og börn ekki kynnt fyrir tónlist verður starf tónlistarkennara mun erfiðara,“ útskýrir hann. „Ef lögð væri meiri áhersla á almenna tónmenntakennslu gætu tónlistarskólur einbeitt sér mun betur eingöngu að hljóðfærakennslu. Þannig að niðurskurður í tónmennt í grunnskólum hefur tvímælaust áhrif á tónlistarskóla landsins og nemendur.“

Það sem mölur og ryð fær ekki grandað

Mynd: Vilti Ingi

Í inngangserindi sínu um skólamál á ársfundi KÍ þann 16. apríl sl. spurði Elna Katrín Jónsdóttir meðal annars þessarar spurningar: Er skólastarfi og menntun forgangsraðað miðað við önnur mál á vegum sveitarfélaga og ríkis?

„Erfitt er að átta sig á því í umróti fjárhagslegra sviptinga og umræðu sem oft er misvísandi“ sagði Elna Katrín. „Mikilvæg forsenda KÍ fyrir þátttöku í stöðugleikasáttmála var vilji yfirvalda til þess að hlífa fremur velferðarmálum og þar með töldum skólamálum en öðrum en mjög er óljóst um efndir. Fyrir því eru ýmsar ástæður. Um grunnskóla og framhaldsskóla í er skýr lagarammi sem tryggir upp að vissu marki rétt nemenda á meðan ekki er seilst inn í lögin eða reynt að fara í kringum efni þeirra. Þessu er ekki alveg eins farið um leikskóla og tónlistarskóla og auk þess er umtalsverð gjaldtaka á báðum síðasttöldu skólástigunum sem gerir þau berskjaldaðri af þeirri ástæðu í efnahagslegum þrengingum.

Það er engum vafa undirorpið þó tölfraedi um málið sé lítt eða ekki handbær að verulegs niðurskurðar og samdráttar gætir í skólastarfi í landinu nú þegar og gildir það um allt sviðið þó í mismunandi mæli sé. Þannig má segja að kennarar, skólastjórnendur og fræðsluþyrirvöld séu að hrekjast til baka með margar umbætur sem gerðar hafa verið undanfarin ár. Að þessu leyti er dökkt framundan.“

Elna Katrín fjallaði að þessu loknu um skólastigalögin, starfsumhverfi í skólum, hlutverk kennara og stjórnenda, kennaramenntun og símenntun, erlent og innlent samstarf og um áherslur í skólamálastarfi KÍ næsta vetur. „Starfsumhverfið í skólum er að sumu leyti betra en að öðru leyti verra en fyrir kreppu en margt er það sem mölur og ryð fær ekki grandað,“ sagði Elna Katrín. „Hlutverk kennara er hið sama og ávallt. Að vera leiðtoga og fyrirmyndir, að fræða, kveikja og viðhalda áhuga, sinna nemendum sínum og sýna þeim umhyggju. Um leið er það að gæta að eigin líkama og sál, viðhalda menntun og varðveita neistann. Hér er meira lagt á kennarastéttina en marga aðra hópa þar sem kennarar eins og annað fólk í landinu hafa orðið fyrir



Elna og Haukur Már Haraldsson ræða málin á ársfundinum.


Mynd: js

margvíslegum búsiþingum í kreppunni en þurfa þó dag hvern að mæta nemendum sínum eins og ekkert hafi í skorist og vera þeim uppörvun, skjól og vörn. Starf skólastjórnenda er erfitt við þessi skilyrði og töluverð hætta á einangrun og sjálfsmiðun. Það er erfitt að vera stöðugt boðberi slæmra tíðinda og mikilvægt fyrir stjórnendur að leita styrks í samstarfi og samstöðu með sínu starfsfólki og starfsfélögum sem gegna sambærilegum störfum í öðrum skólum og á öðrum skólastigum.“

Erindið er í heild á www.ki.is



„Ég vil rækta það mikilvægasta í lífinu!“



Sjálfvirkt heimilisbókhald færir fyrir þig öll útgjöld og allar tekjur. Snjöll lausn fyrir fjármál heimilisins. Í hvert sinn sem greitt er með greiðslukorti, reikningur er greiddur eða laun borguð út birtist færslan sjálfkrafa undir viðeigandi útgjalda- eða tekjulið. Þú ert með allt sem snertir fjármálin þín á einum stað. Gott skipulag á fjármálunum sparar þér bæði tíma og peninga, sem þú getur þá varið í eitthvað annað, til dæmis það sem er mikilvægast í lífi þínu.

Náðu betri árangri í fjármálunum með sjálfvirku heimilisbókhaldi Byrs. Kannaðu málið á byr.is.

Heimabanki Byrs er með sjálfvirkt heimilisbókhald

Vertu með heimabanka sem sér um fjármálin með þér





Aðalheiður

Texti: Anna Lilja Þórisdóttir

Myndir: js

Ný lög – hvað nú?

Framfylgd laga um skólastig frá 2008

Ný lög um leik-, grunn- og framhaldsskóla voru samþykkt vorið 2008 og eru þau um margt frábrugðin fyrri lögum og reglugerðum um skólastarf. Í nýju lögnum er nemandinn settur í forgrunn og eitt markmið þeirra er að gera skólastarfið lýðræðislegra og skólastigin þrjú eru skilgreind sem heild. Miklar breytingar urðu í íslensku efnahags- og þjóðlífi nokkrum mánuðum eftir samþykkt laganna. Breytingar, sem ekki sér fyrir endann á og hafa haft áhrif á flest svið samfélagsins. En hver eru áhrif þeirra á framfylgd laganna?



Anna María

Skólar á öllum skólastigum hafa þurft að sinna kalli tímans um niðurskurð, rétt eins og aðrar opinberar stofnanir. Margir hafa lýst yfir áhyggjum sínum af því hvernig það muni koma niður á skólastarfi í landinu, meðal annarra Kennarasamband Íslands. Í erindi Elnu Katrínar Jónsdóttur varaformanns KÍ á ársfundi sambandsins þann 16. apríl síðastliðinn kom fram að verulegs niðurskurðar og samdráttar gæti í skólastarfi í landinu. Það leiði til þess að umbætur, sem gerðar hafi verið á undanförunum árum, gangi til baka. Meðal þess sem Elna Katrín nefndi í þessu sambandi er fjöldi nemenda í námshópum, sveigjanleiki í skólastarfi, ýmis stöðþjónusta og ráðgjöf.

Fjárframlög hafa ekki fengist

Framhaldsskólar landsins hafa ekki farið varhluta af þessum breytingum. Aðalheiður Steingrímisdóttir, formaður Félags framhaldsskólakennara, segir að löggin hafi verið afrakstur samstarfs kennarasamtakanna og yfirvalda. Miklar væntingar hafi verið um framkvæmd þeirra. „Líklega eru stærstu breytingarnar annars vegar aukin ábyrgð stjórnvalda á námsvíst og skólagöngu nemenda til átján ára aldurs og hins vegar að skólar fá aukið umbod til að móta nám og námskipulag til að gera framhaldsskólann verði fyrir alla og fleiri ljúki lokaprófi,“ segir Aðalheiður. Hún segir að nýju löggin gangi því miklu meira út frá nemandanum en þau eldri. „Lögin áttu að koma til fullrar framkvæmdar haustið 2011 en nú hefur menntamálaráðherra lagt fram frumvarp um að fresta fullri gildistöku til haustsins 2015,“ segir hún.

Meðal þess sem snertir framhaldsskóla sérstaklega og nýju löggin kváðu á um var vinnustaðanámssjóður. Hann var hugsaður til að styðja við meiri ábyrgð skólanna á vinnustaðanámi nemenda í starfsnámi en hefur verið frystur um óákveðinn tíma að sögn Aðalheiðar. Það sama má segja um það ákvæði laganna að koma til móts við kostnað nemenda vegna námsgagnakaupa.

Elías Jón Guðjónsson, aðstoðarmaður mennta- og menningarmála-

Vinnustaðanámssjóður hefur verið frystur um óákveðinn tíma.

Við erum í hálfgerðu tómarúmi. Lögin eru vissulega í gildi en skólarnir hafa ekki bolmagn til þess að framfylgja þeim.

ráðherra, segir að frá því að ný lög um framhaldsskóla voru sett vorið 2008 hafi verið unnið að innleiðingu þeirra og skólum veittur fjárstyrkur til þess. „Vegna efnahagsástandsins hefur fullri gildistöku nýrrar námskrár og lengingu skólaársins verið frestað til ársins 2015. Þó er áfram gert ráð fyrir að unnið verði að þróunarstarfi við námsbrautir samkvæmt nýjum lögum. Því er ekki að leynd að fjárframlög sem gert var ráð fyrir að fylgdu nýjum lögum hafa ekki fengist og því hefur hægt á framkvæmd þeirra,“ sagði Elías Jón.

Peningarnir eru ekki til

En er það fjármagn til sem þarf til þess að framfylgja lögnum? „Þeir peningar, sem framkvæmd laganna útheimtir, eru ekki til,“ segir Aðalheiður. „Þess vegna höfum við lagt áherslu á það við ráðherra að fresta fullri gildistöku laganna og líka í ljósi þess að efni kjarasamninga framhaldsskólans snertir beint framkvæmd laganna,“ segir Aðalheiður og nefnir í því sambandi lengingu skólaársins. Hún segir að löggin þurfi sterkt stuðningsnet eins og til dæmis aukna náms- og starfsráðgjöf. „Við höfum orðið vör við niðurskurð í stöðkerfi skóla en á sama tíma er aukin ásókn í ýmsa stöðþjónustu. Einnig er skorið niður í námsframboði, ýmissi annarri þjónustu við nemendur og faglegu starfi af ýmsum toga. Við erum þeirrar skoðunar að skólar séu verr staddir en fyrir setningu laganna.“

Í fyrrnefndu erindi Elnu Katrínar varaformanns KÍ kom fram að niðurskurður í skólakerfinu hafi leitt til þess að nemendum sé nú nánast gert ókleift að stunda nám á mörkum skólastiga. Dæmi um slíkt nám er þegar nemandi í efstu bekkjum grunnskóla stundar nám í framhaldsskóla. Nokkuð hefur verið ritað og rætt um þetta og þykir mörgum að brotið sé á rétti nemenda til náms, enda er kveðið á um þennan möguleika í lögnum. Aðalheiður segir að vissulega sé leitt til þessa að vita en leggur áherslu á að á meðan kreppa sé og sparnaðar krafist verði framhaldsskólinn að forgangsraða og einbeita sér að

Vegna efnahagsástandsins hefur fullri gildistöku nýrrar námskrár og lengingu skólaársins verið frestað til ársins 2015.

Niðurskurður í skólakerfinu hefur leitt til þess að nemendum er nú nánast gert ókleift að stunda nám á mörkum skólastiga.



Sigfríður

nemendum á framhaldsskólastigi.

Afar misjafnt er hvaða möguleika nemendur einstakra grunn-skóla eiga á því að stunda slíkt nám. Erla Guðjónsdóttir, skólastjóri Öldutúnsskóla í Hafnarfirði, segir að nemendur í unglingsátt skólans geti tekið einstaka áfanga á framhaldsskólastigi sem valáfanga. Skólinn hefur á að skipa kennurum sem hafa réttindi og menntun til að kenna á bæði grunn- og framhaldsskólastigi og því eru kenndir áfangar í íslensku, stærðfræði, spænsku og ensku í skólanum. Nemendum Öldutúnsskóla gefst ennfremur kostur á að stunda nám í framhaldsskólum.

Góðærið var ekki í framhaldsskólunum

Að sögn Önnu Maríu Gunnarsdóttur, formanns skólamálanefndar Félags framhaldsskólakennara, náði hið svokallaða góðæri ekki inn fyrir vegg framhaldsskólanna. Á undanförunum árum hafi verið saumað að framhaldsskólakerfinu, meðal annars með því að fjölga í námshópum. „Síðan skall kreppan á og gerð er krafa um niðurskurð. En það er af svo litlu að taka,“ segir Anna María. Hún upplýsir að Félag framhaldsskólakennara hafi kannað þetta í framhaldsskólum landsins og í ljós hafi komið að nemendahópar stækki stöðugt. Hópar með fleiri en þrjátíu nemendur séu orðnir regla fremur en undantekning og við slíkar aðstæður sé ekki hægt að krefjast þess að boðið sé upp á nám við hæfi, eins og kveðið er á um í nýju lögunum. En hvar eru skólarnir þá staddir núna? „Við erum í hálfgerðu tómarúmi. Lögin eru vissulega í gildi en skólarnir hafa ekki bolmagn til þess að framfylgja þeim.“

Niðurskurður nauðsynlegur

Vissulega þarf alls staðar að skera niður, kreppan bitnar á öllum. En er hægt að leita leiða til þess að halda hlífiskildi yfir menntakerfinu? „Menntamálaráðherra hefur leitað allra leiða til þess að hlífa menntakerfinu við fyrirsjáanlegum niðurskurði,“ segir Elías Jón. Hann segir að staðan í ríkisfjármálum í kjölfar bankahruns sé þó með þeim hætti að væntanlegar aðhaldsaðgerðir muni óhjákvæmilega bitna á

menntakerfinu að einhverju leyti. Staða ríkisfjármála sé alvarleg og áfram þurfi að draga úr ríkisútgjöldum til að hægt sé að snúa vörn í sókn og að ríkið geti í framtíðinni beitt hvetjandi aðgerðum. „Sem stendur erum við hins vegar enn í nauðvörninni og niðurskurður því nauðsynlegur þó að leitast verði við að hlífa mennta- og velferðarmálum umfram aðra málaflokka.“

Minni forfallakennsla í eldri bekkjum grunnskóla

Sigfríður Sigurðardóttir er skólastjóri Lindaskóla sem er stærsti grunnskólinn í Kópavogi. Hún segir að lítið hafi þurft að draga úr þjónustu við nemendur skólans enn sem komið er. Ástæðan fyrir því sé að grunnskólar í Kópavogi séu fjárhagslega sjálfstæðir, Lindaskóli hefur haldið vel á spöðunum undanfarin ár og því átt afgang til þess að mæta skertum fjárframlögum. „Breytingarnar hafa verið litlar, þær felast aðallega í því að minna er um forfallakennslu í efstu bekkjunum og tímum til félagsstarfa og foreldrasamstarfs hefur verið fækkað. Yfirvofandi er skerðing á kennslutímamagni en það mun ekki koma fram í því að nemendur fái færri kennslustundir heldur verður kennslan skipulögð á annan hátt og færri tímar verða fyrir skiptistundir og sérkennslu.“ Sigfríður segir að boðaðar hafi verið frekari sparnaðaraðgerðir á næsta skólaári sem verði líklega á bilinu 3-5%.

Lengri bið eftir þjónustu

Að sögn Sigfríðar var farið vel yfir hvernig endurskipuleggja mætti skólastarfið til þess að mæta þessum kröfum. Þær ákvarðanir voru teknar í góðu samráði skólastjórnenda og bæjaryfirvalda og voru síðan lagðar fyrir í skólaráði og samþykktar þar. Á meðal þess sem verður skorið niður er úthlutun á kennslustundum til skólanna, akstur nemenda, tölvuumsjón, stjórnun skólans og sérfræðiþjónusta á borð við talkennslu og sálfræðiþjónustu.

En hefur skerðing á því síðastnefnda ekki í för með sér takmarkanir á þjónustu við þá nemendur sem minnst mega sín? Sigfríður segir svo ekki vera, Kópavogur hafi hingað til úthlutað talsvert fleiri tímum í sérkennslu en nágrannasveitarfélögin og muni því eftir

þennan niðurskurð veita svipaða þjónustu og önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hafa gert fram að þessu. „Sérfræðiþjónusta sálfræðinga, iðjuþjálfra og talkennara verður að sjálfsögðu ennþá í boði, það verður aðeins lengri bið eftir henni en áður,“ segir Sigfríður. Ekki hefur þurft að segja upp starfsfólki í Lindaskóla en möguleikar á yfirvinnu hafa verið takmarkaðir. „Auðvitað hefur skólasamfélagið áhyggjur af þessum niðurskurði,“ segir Sigfríður, „en í heildina gengur skólafarfið mjög vel. Foreldrar eru jákvæðir og tilbúnir til að leggja sitt af mörkum.“

Fleiri verkefni – sama fjármagn

Erla, skólastjóri Öldutúnsskóla, hefur svipaða sögu að segja. „Við höfum staðið vörð um kennslutímamagnið og gerum allt til þess að halda uppi gæðum innra starfs skólans. En við höfum vissulega þurft að skera niður á ýmsum sviðum, viðhald á húsnæði er í lágmarki og við höfum minnkað stöðugildi í stjórnun skólans. Það þýðir auðvitað meira álag á starfsfólkið en við leitum allra leiða til að niðurskurðurinn hafi sem minnst áhrif á skólafarfið.“ En hversu lengi er hægt að auka álag á starfsfólk skólanna? „Það er ómögulegt að segja til um það, en þetta hefur gengið mjög vel enn sem komið er. Við mætum fleiri verkefnum og auknum þörfum með sama fjármagn í höndunum.“

Mikilvægt að foreldrar séu vel upplýstir

Öldutúnsskóli hefur lagt mikla áherslu á framkvæmd þess hluta laganna sem snýr að rétti nemenda til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Þar eru starfræktir nemendarynihópar þar sem nemendur frá 1. – 10. bekk koma sjónarmiðum sínum um skólafarfið á framfæri á skipulagðan hátt. Þetta starf hefur gefist afar vel og stuðlað að lýðræðislegri vinnubrögðum og samskiptum innan skólans.

Umræða um niðurskurð í menntakerfinu hefur verið nokkuð áberandi og stundum á þann veg að fjöldi barna í bekk muni rjúka upp úr öllu valdi, stöðþjónusta þurrkast út og kennurum verða sagt upp í hrönnum. Slík umræða er til þess fallin að vekja ugg, ekki síst hjá foreldrum. Erla segir að í þessu sambandi sé upplýsingagjöf afar mikilvægur þáttur. „Við leggjum mikla áherslu á að foreldrar séu vel upplýstir um allar breytingar sem eru gerðar á skólafarfinu.“

Efling félagsfærni nemenda

Mikil umræða hefur verið um aukna þörf fyrir stöðþjónustu skólanna á sama tíma og verið er að skera þar niður. En er þetta raunin? „Við höfum ekki merkt þessa auknu þörf. En við gerum okkur auðvitað vel grein fyrir því ástandi sem er í þjóðfélaginu og fylgjumst vel með börnunum í skólanum og látum þau vita að við séum til staðar fyrir þau. Við teljum líka mikilvægt að efla félagsfærni nemenda og höfum því tekið upp kennslu í siðfræði og heimspeki í vetur. Það er augljóst að það hefur skilað sér í breyttum og bættum samskiptaháttum og er að okkar mati mikilvæg forvörn hvað varðar andlega líðan nemenda,“ segir Erla.

Hún segir að þótt niðurskurður hafi vissulega sín áhrif sé engin ástæða til þess að leggja árar í bát og nefnir sem dæmi minni fjárframlög til efniskaupa og rekstrar. „Við höfum þá einfaldlega leitað annarra úrræða.“

Verðum að horfa til framtíðar

Anna María segir að samkvæmt upplýsingum frá mennta- og menningarmálaráðuneyti kosti um 1,7 milljarð að framfylgja lögunum eins og þau voru hugsuð í upphafi. Það eru dágóðir fjármunir, ekki síst á tímum háværra krafna um niðurskurð á öllum sviðum samfélagsins. Hvers vegna ættu skólarnir ekki að skera niður líkt og aðrar opinberar stofnanir? „Kreppan bitnar á okkur öllum og við þurfum öll að taka á okkur byrðar. En við erum að vinna með börnum og ungmennum og verðum að horfa til framtíðar,“ segir Anna María. Aðalheiður tekur í sama streng. „Það gilda önnur lögmál og mælikvarðar skóla og skólafarfið en aðra starfsemi. Þar þarf að setja útgangspunktinn.“



Erla

Við teljum mikilvægt að efla félagsfærni nemenda og höfum því tekið upp kennslu í siðfræði og heimspeki í vetur.

Ný lög og leikskólinn

Þann 5. maí síðastliðinn hittust rúmlega þrjátíu leikskólakennarar úr nokkrum leikskólum í Reykjavík og ræddu málin. Farið var yfir ný lög um leikskóla og var hópurinn á einu máli um að starfsfólk leikskóla Reykjavíkur *gæti ekki farið eftir* þeim sökum niðurskurðar hjá Reykjavíkurborg.



Í lögnum segir meðal annars:

Í **leikskólum** skal velferð og hagur barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Veita skal börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir **leikskóla** skulu móttast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.

Meginmarkmið uppeldis og kennslu í **leikskóla** skulu vera:

- a. að fylgjast með og efla alhiða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra,
- b. að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku,
- c. að hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar,
- d. að stuðla að víðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra,
- e. að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífældri þróun,
- f. að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannglegra samskipta.

Nú er lítið svigrúm til annars en passa að börnin fari sér ekki að voða, að þau fái að borða og séu þurr. Samkvæmt útreikningum leikskólans eiga tveir starfsmenn að vera með tuttugu barna deild með fjögurra ára börnum. Það gefur auga leið að á slíkrri deild á sér stað lítið faglegt starf og ógerlegt er að fylgja þeim markmiðum sem sett eru fram í lögnum hér að ofan.

Í **reglugerð um starfsumhverfi leikskóla kemur fram að:**

Leikskólastjóri, að höfðu samráði við sveitarstjórn eða nefnd sveitarfélags sem fer með málefni leikskóla í sveitarfélaginu, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og starfsfólk leikskóla, tekur ákvörðun um fjölda barna í leikskóla hverju sinni. Ákvörðun um fjölda barna og skipulag skólstarfs skal taka mið af samsetningu barnahópsins, dvalartíma barna dag hvern, aldri þeirra og þörfum, samsetningu starfsmannahóps og umfangi sérfræðipjónustu.

Til að ná markmiðum laga um leikskóla og aðalnámskrár skal þess gætt að nægilegt rými sé fyrir hvert barn á hverri deild þar sem meginhluti umönnunar, náms og uppeldis fer fram. Huga ber sérstaklega að því að börn með sérþarfir geti eftir atvikum þurft auk

rými svo sem vegna nauðsynlegra stoðtækja.

Sveitarfélögum er heimilt að binda leyfi sveitarfélags til annarra rekstraraðila við ákveðinn hámarksfjölda barna, sbr. 15. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla. Að öðru leyti fara rekstraraðilar með ákvörðun um fjölda barna, sbr. 1. mgr.

Að okkar mati er ekki unnið eftir þessari reglugerð og gert lítið úr menntun okkar með því að hafa hvorki samráð við okkur né leikskólastjóra þegar fjöldi starfsmanna er ákveðinn miðað við fjölda barna. Allir fá það sama, hvernig sem aðstæður eru í leikskólanum og ekkert tillit er tekið til samsetningar barna- og starfsmannahóps.

EKKI verður ráðið sumarstarfsfólk í leikskóla í ár og því ríkir mikill kvíði um hvað verður þegar sumarfrí hefjast. Börnunum er skylt að taka fjórar vikur en flestir starfsmenn eiga allt að sex vikum. Það segir sig sjálft að og fáir starfsmenn verða að störfum þennan tíma. Auk þess hafa víðast verið starfræktir skólahópar á sumrin þar sem elstu börn leikskólans fara í ferðir, skoða borgina sína og sjá hvað hún hefur upp á að bjóða. Þessi starfsemi fellur niður sökum.

Okkur er nóg boðið. **Er það stefna Reykjavíkur að hætta að hafa leikskólann fyrsta skólastigið og byggja upp aftur gæsluvelli? Við segjum nei takk!**

- ✓ Við ætlum að berjast fyrir rétti barna í borginni til góðra námsskilyrða og öruggs umhverfis í erfiðu árferði.
- ✓ Við stefnum á að leggjast hart gegn því að senda börn heim ef kennarar veikjast.
- ✓ Við ætlum að gera foreldrum og öðrum ljóst að Reykjavíkurborg lítur á menntun yngstu þegna sinna sem aukaatriði.

Spurningar sem við viljum fá svör við:

- Er það stefna Reykjavíkur að hætta að hafa leikskólann fyrsta skólastigið og byggja upp aftur gæsluvelli?
- Er það stefna Reykjavíkur að námsskilyrði leikskólabarna skerðist?
- Er það ekki lengur stefna Reykjavíkur að nauðsynlegt sé að börn fái hollan og kjarngóðan mat í leikskólum?
- Er það stefna Reykjavíkur að starfsfólk leikskóla fari heim kúguppgefið á hverjum degi vegna vondrar vinnuáðstöðu?

Kennarar sem vilja ræða málin frekar geta skrifað á netfang hópsins: leikskolakennarar.rvk@gmail.com

BROSANDI ALLAN HRINGINN

Veitingastaðir á öllum hótélum
Alltaf stutt í sund • Vingjarnleg þjónusta
Gistiverð frá 5.000 kr. á mann • Fimmta hver nótt frí



13 HÓTEL ALLAN HRINGINN

1 ML Laugarvatn • 2 ÍKí Laugarvatn • 3 Skógar • 4 Vík í Mýrdal • 5 Nesjum
6 Neskaupstaður • 7 Egilsstaðir • 8 Eiðar • 9 Stórutjarnir • 10 Akureyri
11 Laugarbakki • 12 Ísafjörður • 13 Laugar í Sælingsdal

Pantaðu allan hringinn á www.hoteledda.is eða í síma 444 4000



Texti: Dagbjört Ásgeirsdóttir, M.Ed.

Dagbjört er leikskólalastjóri Krílakots í Dalvíkurbyggð

Mynd: Fanney Davíðsdóttir

Hinir lúmsku fordómar

Í þessum pistli eru vangaveltur mínar um 3. grein siðareglna KÍ sem er svohljóðandi: „*Kennurum ber að hafa jafnrétti allra nemenda að leiðarljósi í skólastarfi. Kennarar eiga að vinna gegn fordómum og mega ekki mismuna nemendum t.d. vegna kyns, þjóðernis eða trúarbragða.*“

Ég velti fyrir mér merkingu hugtaksins *mismunun*? Þarf mismunun í sjálfu sér að vera röng? Og að sama skapi, hvað er *jafnrétti*? Merkir það að allir fái allt alveg eins? Ég lét jafnréttisspurninguna bíða betri tíma. Mismunun þarf í sjálfu sér ekki að vera röng. Bæði er hægt að beita jákvæðri og neikvæðri mismunun. Og kennarar beita mismunun á hverjum degi. En það skiptir máli hverjum eða hvernig er mismunað. Þegar kennari mismunar metur hann ákveðnar þarfir nemenda eða skilur á milli jákvæðrar og neikvæðrar hegðunar og bregst við á tiltekinn hátt. Þau viðbrögð sem hann sýnir einum nemanda eiga ef til vill alls ekki við um aðra. Kennarinn metur hegðun eða frammistöðu nemenda út frá forsendum hvers og eins og þeim væntingum sem hann hefur til þeirra. Þegar einstaklingum er mismunað án tillits til hegðunar eða verðleika, það er að segja út frá staðalmyndum, tel ég að um fordóma sé að ræða.

Í flestum tilfellum tengjum við fordóma við hugmyndir um etníska hópa. En er það svo einfalt? Hvað með félagslega fordóma? Kannast ekki margir við að hafa heyrt eitthvað á þessa leið: *Það er nú ekki að búast við að hann Gunni geti lært. Óli bróðir hans var aldrei til friðs og ekki gat nú mamma þeirra lært.*

Í daglegu starfi er nauðsynlegt fyrir kennara að staldra við, horfa inn á við og spyrja hvort þeir geti í raun komið auga á fordóma, sína eigin fordóma? Hvenær verða eðlileg viðbrögð að fordómum? Einnig er mikilvægt og hollt fyrir kennara að velja fyrir sér hvað fordómar eru og sér í lagi hvað *duldir fordómar* standa fyrir, en þá má sjá í ýmsum myndum í þjóðfélaginu. Duldir fordómar eru til dæmis að byggja viðhorf sín og skoðanir á tilteknum hópum á staðalmyndum. Þeir lýsa sér í pirringi, óvingjarnlegri framkomu, tortryggni, uppnefnum, háði, hroka, afskiptaleyssi og verri þjónustu (Guðrún Pétursdóttir, 2003)¹. Fordómar geta auðveldlega leynst undir yfirborðinu og fólk átt erfitt með að gera sér grein fyrir þeim. Þegar vel er að gáð held ég að langflestir hafi einhvern tíma tekið þátt í fordómfullri hegðun. Alloft

hefur heyrst setning eins og: *Ég fékk mér „Tæju“ til að þrifa hjá mér.* Dæmi sem margir kennarar kannast við um pirring og jafnvel hræðslu er að þegar innflytjendum fjölgaði til muna á Íslandi fyrir nokkrum árum töldu sumir foreldrar af íslenskum uppruna að börn þeirra fengju verri þjónustu í grunnskóla vegna þess hve mikill tími færi í að sinna útlenskum börnum.

Í daglegu starfi er nauðsynlegt fyrir kennara að staldra við, horfa inn á við og spyrja hvort þeir komi auga á sína eigin fordóma.

Mikilvægt er að kennarar á öllum skólastigum séu meðvitaðir um þau hugtök sem þeir kjósa að nota. Hvaða hugtök notum við til dæmis um nemendur af erlendu bergi í skólakerfinu? Notum við *útlendingar*, *nýbúar* eða vísam við til uppruna eða þjóðernis þeirra sem *pólsku*, *albönsku* eða *litháisku* nemendurnir svo að eitthvað sé nefnt? Um nemendur sem eru fæddir á Íslandi eða orðnir íslenskir ríkisborgarar?

Í hugtökum er oft dulinn meaning sem orðið hefur til í meðförum og notkun tungumálsins; eins og í hugtakinu *nýbúi*. Margir nota það án nokkurrar neikvæðrar merkingar en oftar en ekki er það samt notað um innflytjendur frá Asíu og Afríku eða einstaklinga sem eru ólíkir Íslendingum í útliti (Guðrún Pétursdóttir, 2003).

Forsenda þess að kennarar geti unnið gegn fordómum, líkt og fram kemur í 3. grein siðareglna KÍ, er sú að þeir geri sér grein fyrir hvað fordómar eru – og ekki síst eigin fordómum. Þeir þurfa að vera gagnrýnir á sjálfa sig og spyrja sig hvort þeir hafi fundið fyrir pirringi gagnvart tilteknum einstaklingum eða hópum, sýnt óvingjarnlega framkomu, hroka eða jafnvel afskiptaleyssi, verið tortryggir, uppnefnt eða hæðst að einhverjum. Sterkasta vopnið gegn fordómum er að mínu mati þekking. Þó að þekking sé ekki ávísun á fordómaleyssi veitir hún aukna innsýn og skilning á því sem annars væri óþekkt, því hið óþekktá vekur gjarna hjá okkur döryggi og jafnvel ótta.

¹ Guðrún Pétursdóttir. 2003. *Allir geta eitthvað, enginn getur allt*. Hólar.

Texti: Guðmundur Heiðar Frímansson, PhD.
Guðmundur er prófessor í heimspeki við kennaradeild HA
Mynd: Finnboði Marinósson

Skóli er siðferðileg stofnun



Hvað ætli sé mikilvægast um skóla? Mér virðist það vera að hann er siðferðileg stofnun. En það eru ekki augljós sannindi sem allar hugsandi manneskjur sjá í hendi sér. Hvað merkir það að skóli sé siðferðileg stofnun? Af hverju er það markverð staðreynd, ef það er staðreynd, að skóli sé siðferðileg stofnun?

Til að svara fyrri spurningunni er rétt að huga að tveimur lykilhugtökum í staðhæfingunni. Það *fyrri* er skóli. Hugtakið merkir ekki einhver tiltekinn skóli heldur skóli af hvaða tagi sem er: leikskóli, grunnskóli, framhaldsskóli, háskóli. Í öllum stofnunum sem við köllum skóla starfar fólk sem sinnir ólíkum hlutverkum: sumir eru kennarar, aðrir nemendur, enn aðrir skólustjórar og svo framvegis. Helstu hlutverkin í skóla eru hlutverk kennara og nemenda. Í skilningi okkar á hlutverkunum birtast kröfur sem eðlilegt er að uppfylla. Það *síðara* er siðferðið. Siðferði er samfélagsstofnun eins og skóli en það er ekki sýnilegt eins og skólar, það eru engar byggingar sem hægt er að benda á og segja, þetta er siðferðið. Þess vegna sést okkur oft yfir það en öllum er hollt að hugsa um það og breyta eftir því. Það má lýsa siðferðinu þannig að það sé samsett úr formlegum og óformlegum

reglum sem stýra hegðun okkar allra og viðhorfum til takmarkaðra gæða mannlífsins. Siðferðið er félagslegt en það snertir líka einkalíf hverrar manneskju.

En af hverju er skóli siðferðileg stofnun? Mér virðist liggja til þess tvær ástæður. Sú *fyrri* er að skólar eru sérstaklega skuldbundnir nemendum, hagsmunir nemenda eiga að ganga fyrir hagsmunum annarra. Það þýðir ekki að allir eigi að dansa eftir hugmyndum nemenda, það væri ekki eðlileg skólafarsemi, heldur eiga kennarar að veita og meta hagsmuni nemenda í öllum ákvörðunum sínum. Sú *síðari* er að skólar eiga að mennta nemendur. Í menntun felst að nemendur eiga að batna. Þeir verða betri í þeim skilningi að þeir hafa tileinkað sér þekkingu og færni og þeir eru líka betri í þeim skilningi að þeir eru þroskaðri, hafa betri skilning á af hverju maður á að standa við orð sín, af hverju maður ber ábyrgð á sjálfum sér og eigin verkum. Þetta er siðferðisþroski sem er nauðsynlegur þáttur í menntun. Sé siðferðisþroskinn ekki fyrir hendi hefur menntunin ekki tekist.

Þetta virðist mér vera nægar ástæður til að halda því fram að skólar séu siðferðilegar stofnanir í innsta kjarna sínum.

Í menntun felst að nemendur eiga að batna.



Texti: keg

Myndir: js

Samán hjá sáttta

Formaður: Sigrún Grendal, Félagi tónlistarskólakennara

Hvað er í deiglu hjá ykkur í Félagi tónlistarskólakennara á vordögum?

„Þar ber fyrst að nefna að öll aðildarfélög Kennarasambandsins sem semja við sveitarfélögin eru nú í fyrsta sinn að funda sameiginlega hjá sáttasemjara. Við vísum í stöðugleikasáttmálann og förum fram á að honum sé fylgt eftir. Við viljum að samið sé við okkur á sama grunni og ríkið samdi við Félag framhaldsskólakennara og Félag stjórnenda í framhaldsskólum en þar var stöðugleikasáttmálanum fylgt að miklu leyti. Þessir „við“ erum félagsmenn í eftirtöldum félögum: Félagi tónlistarskólakennara, Félagi leikskólakennara, Félagi grunnskólakennara, Skólastjórafélagi Íslands og nýstofnuðu Félagi stjórnenda leikskóla. Við erum búin að funda einu sinni með viðsemjendum hjá sáttasemjara og þar förum við yfir stöðuna, ég er bjartsýn á að við náum fram jafnstöðu hópa. Það er að segja, að við semjum líkt og kennarar og stjórnendur í framhaldsskólum.“

Eru sveitarfélögin erfiður viðsemjandi?

„Það má segja að þau hafi ekki einbeitt sér að skóla- og menntamálum á sama hátt og ríkið en með tilkomu skólamálanefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir nokkrum árum fengu fagmál sinn vettvang hjá sambandinu. Fagleg mál og umsjá þeirra styrkja fagvitund. Djúpstæð fagvitund er að mínu mati ein meginforsenda þess að menn geti axlað ábyrgð á málaflokknum þannig að menntunin sjálf sé í hásæti og þetta á jafnt við um alla hagsmunadila. Þrátt fyrir að á móti blási, tímabundið, þá trúu ég því að þetta stefni allt í rétta átt. Tilkoma skólamálanefndar sambandsins og aukið samstarf aðila er skref í þá átt.“

Þið voruð að halda uppskeruhátíð, hvernig tókst til?

„Við erum um þessar mundir að ljúka úrvinnslu eftir uppskeruhátíð tónlistarskóla, Nótuna, sem var haldin í fyrsta sinn í marsmánuði á þessu ári og tókst gríðarlega vel. Nótan inniheldur reyndar margar svæðahátíðir og svo hátíð á landsvísu í lokin. Við erum strax byrjuð að undirbúa Nótuna 2011 og hún verður meðal annars til umfjöllunar á svæðisþingum tónlistarskóla í haust. Þessu verkefni er meðvitað hrint af stað nú þegar á móti blæs en þau jákvæðu áhrif sem uppskeruhátíðin getur haft eru margvísleg, til dæmis í þá veru að efla félags- og fagvitund, skólar geta nýtt sér hátíðina sem nýjan hvetjandi vinkil í skólastarfinu og hún vekur líka athygli á starfsemi tónlistarskóla út um allt land. Uppskeruhátíðin er unnin í samstarfi við Félag íslenskra hljómlistarmanna og Samtök tónlistarskólalækjara.“

Tókuð þið ekki púlsinn á tónlistarskólum í einhverri könnun í fyrra?

„Jú, og á svæðisþingum munum við einmitt halda áfram að fjalla um könnun Félags tónlistarskólakennara sem ber titilinn: „Greining á kerfi tónlistarskóla á Íslandi.“ Við Árni Sigurbjarnarson varaformaður FT höfum unnið að þessu verkefni og frumniðurstöður voru kynntar á síðustu svæðisþingum og á alþjóðlegri ráðstefnu á vegum menntamálaráðuneytis. Nú er hins vegar komið að lokum úrvinnslu og stutt í að lokaskýrsla rati á Netið og í almenna umræðu. Innihald skýrslunnar er gríðarlega umfangsmikið og á svæðisþingunum í haust munum við taka fyrir einn afmarkaðan þátt og fjalla um mismunandi skólalíkön út frá þjónustu-, kostnaðar- og virknistuðlum, skiptingu í námsáfangi, kennslugreinum, aldri nemenda og fleiri þáttum.“



Svæðisþing tónlistarskóla haust 2010

Austurland (Egilsstaðir): 27. ágúst

Norðurland (Akureyri): 9. september.

Vestfirðir (Ísafjörður): 10. september.

Suðurland og Suðurnes (Reykjanesbær): 16. september

Vesturland (Borgarnes) 23. september

Höfuðborgarsvæðið (nánar ákv. síðar) 24. september

„Fagmennska er til alls fyrst“

Er skorið grimmt niður í tónlistarskólum?

„Það er vissulega búið að skera mikið niður í tónlistarskólum, því miður, og það hefur víða haft mikil áhrif á faglegt skólustarf þar sem mörg skref eru stigin aftur á bak. Við í FT fylgjumst vel með gangi mála og gerðum meðal annars könnun núna í mars á niðurskurði í tónlistarskólum sem verður til umfjöllunar á svæðisþingum næsta haust. Niðurstöður sýna að ástandið er mjög mismunandi á milli sveitarfélaga. Á landsvísi er niðurskurðurinn að meðaltali um 9% frá árinu 2009 til 2010 og nær hann frá 0% upp í 22%. Einnig ber á sameiningu skólafstafnana sem leið til niðurskurðar. Við reynum að styðja við og hafa áhrif til góðs hvar og hvenær sem við getum, í aðstoð við skólastjórnendur í varnarbaráttu þeirra fyrir faglegri starfsemi skólanna, við að skýra áhrif leiða sem eru til umræðu í tengslum við niðurskurð og setja fram rök með og á móti valkostum.“

Eins og fram kom í úttekt Anne Bamford fyrir menntamálaráðuneytið á stöðu listfræðslu á Íslandi þá þurfum við að efla hana og þróa en alls ekki að draga úr. Ef teknar eru saman ýmsar tillögur sem Anne setur fram í skýrslu sinni og áherslur í alþjóðlegum stefnumarkandi skjölum um nauðsyn þess að efla listfræðslu og skapandi starf í menntakerfi þjóða þá má sjá að margt er óunnið og skemmtileg og ógrandi verkefni framundan. Þar verður fagmennska kennara og samræða þeirra við yfirvöld skólamála og fólkið í landinu í algleymingi.“



„Djúpstæð fagvitund er að mínu mati ein meginforsenda þess að menn geti axlað ábyrgð á málaflokknum þannig að menntunin sjálf sé í háseti og þetta á jafnt við um alla hagsmunaðila,“ segir Sigrún.

Þökk fyrir frábærar móttökur!

Kveðjur til grunn- og framhaldsskóla frá Europass hópunum



Texti: Dóra Stefánsdóttir verkefnisstjóri, Margrét K. Sverrisdóttir verkefnisstjóri og Ársæll Þorsteinsson tímabundinn starfsmaður. **Myndir:** Úr einkasafni

Undanfarnar vikur höfum við starfsmenn Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands heimsótt grunn- og framhaldsskóla um allt land og sýnt útskriftarnemendum hvernig þeir geta búið til ferilskrá á netinu með evrópsku sniði sem kallast Europass. Menntaáætlun Evrópusambandsins styrkir þetta átak myndarlega enda hefur verið lögð mikil vinna í að búa til ferilskrá sem hentar jafnt þeim sem eiga að baki langa starfsævi og þeim sem eru að taka sín fyrstu spor á vinnumarkaðnum. Nemendur í margmiðlunarhönnun í Borgarholts-skóla bjuggu til myndband fyrir okkur með aðstoð kennara sinna um hvernig best er að gera ferilskrána og settu á YouTube. Sýndum við nemendum myndbandið og spjölluðum við þau um hvers vegna væri mikilvægt að gera ferilskrá og að hvaða leyti Europass ferilskráin væri ólík öðrum.

Alls höfum við heimsótt rúmlega sextíu skóla og hitt vel á annað þúsund nemendur auk fjölmargra náms- og starfsráðgjafa, kennara, skólastjórna og annarra starfsmanna skólanna. Með þessu greinarkorni langar okkur að þakka fyrir þær frábæru móttökur sem við höfum fengið. Sérlega ánægjulegt var að hitta hina efnilegu æsku landsins sem lætur ekki tímabundna efnahagserfiðleika aftra sér frá því að hafa stórar fyrirætlanir um framtíðina og er tilbúin að leggja ýmislegt á sig til að ná settu marki.

Pegar hugmyndin um að kynna gerð ferilskrár í grunnskólum og framhaldsskólum var fyrst rædd fyrir nokkrum árum þótti mörgum hún vera mesta fásinna, fólk á þessum aldri hefði lítið eða ekkert að setja í slíka skrá. Á þeim tíma var þetta hins vegar ekki rétt. Í

skólum á höfuðborgarsvæðinu sem þá voru heimsóttir vann um það bil helmingur nemenda með skólanum, í sjöppum, við barnapössun, við að bera út blöð og fleira þess háttar. Öll unnu þau á sumrin, kunnu heilmikið í tungumálum, voru geysilega flink á tölur og flest gátu fært inn upplýsingar um uppbyggileg áhugamál og tómsundastarf. Störfum utan skóla hefur vissulega fækkað og sérstaklega virðast unglingar eiga erfitt með að finna sumarstörf eftir fyrsta og annan vetur í framhaldsskóla. Ástandið víða um land er þó misjafnt hvað þetta varðar og sem betur fer er á sumum stöðum framboð af ágætum og jafnvel vel launuðum störfum fyrir ungt og áhugasamt fólk. Þeir sem eru ekki jafn heppnir virðast nýta tímann til þess að bæta við sig ýmsu sem mun koma þeim að gagni á vinnumarkaði í framtíðinni. Tölvulæsi þeirra er til dæmis mun meira en okkar sem eldri erum og ensk tunga er þeim næstum eins eðlileg og íslenska.

Atvinnurekendur biðja nú í auknum mæli um einhver gögn frá öllum þeim sem sækja um störf. Helst vilja þeir fá bæði ferilskrá og meðmæli frá skólum eða öðrum atvinnurekendum. Auðvitað er hægt að útbúa ferilskrá í ritvinnsluforriti en hún verður að líta vel út, vera rétt stafsett og brýnt er að telja allt með sem fólk kann og getur.

Fyrir þá sem af einhverjum ástæðum misstu af heimsókn okkar má benda á vefinn <http://europass.is/>, á krækjunni Europass ferilskrá er bæði kynningarmyndband og leið inn á vefinn til þess að búa til Europass ferilskrá eða uppfæra hana. Við ætlum líka að reyna að koma því við að heimsækja fleiri skóla, berist okkur óskir um það.

Uppstillingarnefnd Kennarasambands Íslands auglýsir eftir frambjóðendum til trúnaðarstarfa

Uppstillingarnefnd Kennarasambands Íslands – fimmta þing Kennarasambands Íslands

Uppstillingarnefnd Kennarasambands Íslands auglýsir eftir frambjóðendum til eftirtalinnna trúnaðarstarfa:

- Formanns.** Kosið verður í embætti formanns í almennri kosningu félagsmanna KÍ sem lokið skal eigi síðar en 14. desember 2010 (sjá 17. gr. laga KÍ).
- Varaformanns.** Kosið verður í embætti varaformanns í almennri kosningu félagsmanna KÍ sem lokið skal eigi síðar en 28. febrúar 2011 (sjá 17. gr. laga KÍ).
- Kjörstjórnar** (5 aðalmenn og 3 varamenn), **stjórnar orlofsþjós** (7 aðalmenn og 3 varamenn), **stjórnar sjúkrasjóds** (5 aðalmenn og 5 varamenn), **stjórnar vinnudeilusjóds** (5 aðalmenn og 5 varamenn), **uppstillingarnefndar** (6 aðalmenn og 6 varamenn), **skoðunarmenn reikninga** (2 aðalmenn og 1 varamaður). Í þessi störf (undir 3. lið) verður kosið á fimmta þingi sambandsins sem haldið verður í apríl 2011.

Tilnefningum um formann skal skila fyrir 15. október 2010 og tilnefningum um varaformann og aðrar trúnaðarstöður fyrir 15. janúar 2011. Nöfnum frambjóðenda fylgi: Kennitala, heimilisfang, starfsheiti, símanúmer, vinnustaður, netfang og mynd.

Tilnefningar skal senda Stefáni Andrésyni formanni uppstillingarnefndar í tölvupósti á eftirfarandi netföng: stand@fb.is eða stand@mi.is. Berist staðfesting ekki innan tveggja sólarhringa er líklegt að sendingin hafi misfarist.

Uppstillingarnefnd fer þess á leit við trúnaðarmenn að þeir kynni þetta málefni á sínum vinnustað og hvetur félagsmenn til að vinna heilshugar að tilnefningum til trúnaðarstarfa úr sem breiðustum hópi.

Nefndin



Flottir bílar og frábær þjónusta!

Bílarnir okkar eru:

- í hæsta gæðaflokki
- umhverfisvænir
- með öryggisbelti
- með sjónvarp og DVD
- með fyrsta flokks bílstjórum



Í öruggum höndum í bíl frá okkur

Er bekkurinn að fara í bekkjarferð? Er lúðrasveitin eða hljómsveitin að fara í æfingaferð eða á mót? Er íþróttafélagið að fara að keppa eða í æfingabúðir? Við komum hópnum á staðinn í fyrsta flokks rútum og á hagstæðu verði.

Við bjóðum rútur í öllum stærðum með rúmgóðum farangursrýmum fyrir hljóðfæri, farangur og annað sem nauðsynlegt er að koma á staðinn. Kíktu við, hringdu eða skrifaðu okkur línu og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig.



Iceland Excursions - Allrahanda

Hafnarstræti 20, 101 Reykjavík | Sími: 540 1313 | Netfang: ruta@allrahanda.is | Vefsíða: www.allrahanda.is

MINNINGARORÐ

Sigurlína Sjöfn Kristjánsdóttir

Kveðja frá Kennarasambandi Íslands

Sigurlína Sjöfn Kristjánsdóttir fæddist í Reykjavík 1. maí 1947. Hún lést á Landspítalanum við Hringbraut 2. apríl 2009. Sigurlína var elst sjö systkina. Foreldrar hennar eru Kristján V. Kristjánsson kjötiðnaðarmeistari (1920-1998) og Ragnhildur Magnúsdóttir, f. 1924. Eiginmaður Sigurlínu er Trausti Björnsson kennari, f. 5.1. 1943. Börn þeirra eru Halldóra, f. 5.9. 1965 og Björn, f. 3.12. 1967.

Sigurlína ólst upp á Lambhól í Reykjavík. Hún gekk í Melaskóla og síðan í Hagaskóla og varð gagnfræðingur þaðan árið 1964. Frá þrettán ára aldri vann Sigurlína öðru hvoru í Fiskvinnsluhúsi Alliance, síðan í kjötverslun J.C. Klein hjá föður sínum, á skrifstofu Alþýðublaðsins, við handavinnukennslu á Laugum, í Hraðfrystihúsi Eskifjarðar, á bókasafni Eskifjarðarskóla, sem lækningaritari á Eskifirði og lækningaritari á Landspítalanum. Sigurlína hóf störf hjá Kennarasambandi Íslands árið 1986. Hún var formaður Kvenfélags Eskifjarðar, söng í Eskjukórnum og síðan með Söngfélagi Skaftfellinga og var formaður þess. Hún var félagi í BPW. Sigurlína og Trausti giftust 30.12. 1969. Þau bjuggu fyrst í Reykjavík en svo á Laugum í Suður-Þingeyjarsýslu 1971-73, Eskifirði 1973-82 og fluttust aftur til Reykjavíkur árið 1982.

Úr minningarorðum Eiríks Jónssonar í Mbl. 15. apríl 2009

Sigurlína hóf störf hjá Kennarasambandi Íslands árið 1986 og var sá starfsmaður sem lengst hefur unnið hjá sambandinu. Sigurlína hefur alla tíð séð um símsvörun ásamt öðrum störfum sem henni hafa

verið falin og því verið eins konar rödd Kennarasambandsins. Flestir sem hafa hringt eða átt erindi í húsið kannast við hana. Fólk hefur haft orð á því að Sigurlína hafi jafnan tekið öllum af ljúfmennsku og kurteisi og lagt sig fram um að leysa hvers manns vanda. Ég held að á engan sé hallað þó að ég fullyrði að ekki er hægt að hugsa sér betri starfsmann í því starfi sem Sigurlína gegndi. Það skiptir verulegu máli fyrir samtök eins og Kennarasamband Íslands að þeir sem þangað leita séu boðnir velkomnir og að þeim sé sinnt af áhuga og skilningi. Þannig starfsmaður var Sigurlína, ljúf, jákvæð og lipur í samskiptum. Hún hefur verið einstaklega góður samstarfsmaður og félagi og jafnan staðið framarlega við skipulagningu alls konar félagsstarfs meðal starfsmanna. Þá hefur hún einnig verið nokkurs konar hirðljósmyndari í húsinu og ófáar myndir sem hún tók er að finna í myndasafni í alþúmunum sem hún raðaði jafnóðum í.

Þó missir okkar starfsmanna í Kennarahúsinu sé vissulega mikill við fráfall Sigurlínu er missir eiginmanns, barna, tengdabarna, barnabarna og annarra náinna ættingja margfalt meiri. Sigurlína var mikil fjölskyldumanneskja og talaði alltaf um sína nánustu af mikilli hlýju og virðingu.

Ég vil persónulega og fyrir hönd Kennarasambands Íslands og starfsmanna þess þakka Sigurlínu fyrir samstarfið, tryggð og vináttu. Ég bið algóðan Guð að blessa minningu Sigurlínu S. Kristjánsdóttur.

Eiríkur Jónsson, formaður KÍ

Jón Hnefill Aðalsteinsson

Jón Hnefill Aðalsteinsson lést í Reykjavík 2. mars sl. hátt á 83. aldursári. Jón Hnefill fékkst við kennslu nærri alla sína starfsævi, bæði sem kennimaður og kennari á öllum skólastigum. Hann réðst að Menntaskólanum við Hamrahlíð árið 1969 og kenndi þar til 1988 að hann varð fyrsti lektor í þjóðfræði við Háskóla Íslands og prófessor frá 1992 og vann þar gagnmerkt brautryðjendastarf.

Í Hamrahlíð kom Jón Hnefill í hóp ungra og róttækra kennara sem á næstu árum umbyltu íslensku framhaldsskólakerfi undir forystu Guðmundar Arnlaugssonar. Þó að Jón væri hvorki í hópi þeirra róttækustu né hinna hraðskreidustu lagði hann með hægd sinni, fhygli og lævísu humor margt gott til mála. Einkum verður hans minnst fyrir frumkvæði og forystu í að taka upp nýjar kennslugreinar á sviði sögu og félagsgreina sem áður hafði lítt verið fengist við í menntaskólum landsins, svo sem hugmyndasögu þar sem eftir hann liggur ágæt kennslubók.

Jón Hnefill tók virkan þátt í félagslífi menntaskólakennara og varð formaður félags þeirra. Á árunum rétt fyrir 1980 var mikil hreyfing í þá átt að sameina félög kennara en þá störfuðu fjögur stéttarfélög

kennara. Illu heilli tókst það ekki til fulls en þó tókst að sameina þau tvö og tvö. Jón Hnefill varð fyrsti formaður Hins íslenska kennarafélags (HÍK), en það varð til úr Félagi menntaskólakennara og Félagi háskólamennaðra kennara.

Undir forystu Jóns Hnefils voru stigin fyrstu ákveðnu sporin í þá átt að búa til úr klúbba virðulegra verkfallsréttarlausra hámenntamanna róttækt og baráttuglatt stéttarfélag meðvitaðra kennara. Sú leið var löng og torsótt en skilaði á endanum verulegum árangri.

Fyrir þessi mikilvægu störf er samtökum kennara ljúft og skylt að minnast Jóns Hnefils.

Jón Hnefill var hæglátur kennari, mjög fróður um marga hluti og með hlýjan en oft meinlegan humor. Hann var ráðagóður og hjálpfús og greiddi eftir mætti götu nemenda sinna þótt það væri ekki endilega í hans verkahring.

Blessuð sé minning hans.

Fullt af nýju fínu efni í Netlu



Við vekjum athygli á nýjum greinum í Netlu á þessari önn. Þar kennir margra grasa og líklega óhætt að fullyrða að allir kennarar sem rata inn á vefinn fái eitthvað fyrir sinn snúð. Sjáið til dæmis þessar:

Kristín Bjarnadóttir dósent í stærðfræði við Háskóla Íslands segir sögu þríliðunnar í grein sem hún nefnir *Hvað er þríliða?* Greinin fjallar um hlutfallareikning, sér í lagi þríliðu, sem var talin ómissandi aðferð allt fram um 1970 er hún hvarf snögglega úr kennslubókum í reikningi. Rakín er saga hlutfallareiknings og sýnd dæmi allt frá dögum Forn-Egypta. Þótt þríliðan hafi verið fordæmd á seinni árum sem stöðnuð og úrelt reikningsaðferð má færa henni nokkuð til málsbóta og í nýrri samskipti rannsókn er varpað fram spurningu um hvort hin munnlega hefð sem tengist þríliðu geti fleytt nemendum yfir þröskuld að inngangi algebrunnar. Kristín hefur kennt stærðfræði og eðlisfræði við grunn- og framhaldsskóla um árabil, samið kennslubækur og stýrt vinnu við námskrár í stærðfræði fyrir grunn- og framhaldsskóla. Doktorsritgerð hennar, sem út kom árið 2006, fjallar um sögu stærðfræðimenntunar á Íslandi í sögulegu og félagslegu samhengi.

Benedikt Jóhannsson sálfræðingur skrifar um *málshætti, íslenskt uppeldi og sigildar dygðir*. Í greininni leitast hann við að tengja íslenska málshætti og orðtök við sex höfuðdygðir. Þær eru sóttar til klassískrar heimspeki og helstu trúarbragða heims og er hér meðal annars fylgt hugmyndum bandaríska sálfræðingsins Martin Seligman. Dygðirnar eru viska og þekking, hófsemi, hugprýði, réttlæti, kærleikur og mildi og andríki. Benedikt starfar hjá Fjölskylduþjónustu kirkjunnar og Reykjavíkurborg auk þess að reka eigin sálfræðistofu.

Guðmundur Sæmundsson aðjunkt skrifar greinina *Orð sem aldrei gleymast: Skapandi nám í kennslufræði* en þar segir frá nýstárlegu verkefni sem höfundur vann með nemendum sínum á námskeiði á íþrótt- og heilsubraut. Það fólst í því að yrkja ljóð um einelti en slíkt verkefni hafði hann aldrei áður lagt fyrir háskólanema. Markmiðið var meðal annars að fá nemendur til að lifa sig inn í aðstæður og tilfinningar þeirra sem verða fyrir einelti. Árangurinn varð sérstaklega áhugaverður eins og lesa má um í greininni. Guðmundur kennir við íþrótt-, tólmstunda- og þroskaþjálfadeild Háskóla Íslands.

Ingvar Sigurgeirsson prófessor og **Ágúst Ólason, Björn Gunnlaugsson, Hildur Jóhannesdóttir** og **Sif Vígbórsdóttir**, sem öll starfa við Norðlingaskóla, skrifa grein um *þróunarverkefnið Smiðjur*.

Smiðjurnar eru nokkurs konar verkstæði þar sem nemendur vinna að samþættum viðfangsefnum í aldursblönduðum hópum. Markmiðum verkefnisins er lýst, fjallað um undirbúning þess og framkvæmd, gefin eru dæmi um nokkrar smiðjur, gerð grein fyrir tilhögun námsmats og mat lagt á starfið, en það hefur í heild gefið góða raun. Ingvar er prófessor við menntavísindasvið Háskóla Íslands og ráðgjafi við verkefnið. Ágúst og Hildur eru deildarstjórar við Norðlingaskóla, Björn er kennari og Sif er skólastjóri.

Wolfgang Edelstein skólamaður skrifar grein sem hann nefnir *Lýðræði verður að læra*. Þar fjallar hann um mikilvægi þess að skólar séu börnum uppspretta lýðræðislegrar reynslu. Bent er á að einstaklingshyggja og alþjóðavæðing stefni lýðræði í ýmsum samfélögum í hættu, eins og sjá má í þeirri hag- og félagskreppu sem nú gengur yfir. Í stjórn málafræði er hafin umræða um siðgæðisforsendur lýðræðis og siðgæðisstyrk sem þörf er að rækta til að viðhalda lýðræði þegar kreppur sækja að. Í greininni eru færð rök fyrir því að mikilvæg forsenda þess að viðhalda lýðræði sé að unga kynslóðin fái strax á skólaaldri reynslu af lýðræðislegum starfsháttum. Höfundur bendir á ýmsar leiðir sem hægt sé að fara til að venja ungt fólk við virkt lýðræði, m.a. með bekkjarfundum, samfélagsverkefnum og þátttökunámi. Wolfgang er fyrrverandi stjórnandi Max-Planck menntarannsóknarstofnunarinnar í Berlín. Hann var ráðgefandi við menntamálaráðuneytið 1966 - 1984 og aftur 1989 - 1991 og er höfundur bókarinnar Skóli – nám – samfélag.

Ingibjörg E. Jónsdóttir skólastjóri skrifar grein um *þróunarverkefnið Fjörlullar, það erum við!* sem var unnið í leikskólanum Bakka veturinn 2008–2009. Það byggðist á útinámi og var aðal hugmyndin að áhugi og forvitni barnanna réði ferðinni. Það gekk eftir og verkefnið leitaði inn á ófyrirséðar brautir með spennandi viðfangsefnum. Ingibjörg er leikskólastjóri á Bakka en skólinn er í útjaðri Reykjavíkurborgar.

Nýlega hafa líka birst ritfregnir og ritdómar um námsefni og fræðirit á heimasíðu Netlu: netla.khi.is

Leitin að grenndargralinu

Texti: Jón Baldvin Hannesson

Myndir: Giljaskóli

Próunarverkefni í samfélagsfræði á unglingsstigi í Giljaskóla á Akureyri

Lokamarkmið verkefnisins er að finna bikar, hið svokallaða *grenndargral*, sem búið er að koma fyrir á vissum stað á Akureyri. Leitin tekur tíu vikur og fer hún þannig fram að nemendur, ýmist einn eða tveir saman, fá eina þraut (verkefni) til lausnar í viku hverri. Þrautin tengist sögu Akureyrar og/ eða Eyjafjarðar og fá nemendur einn bókstaf við úrlausn hvorrar þrautar. Markmiðið er að safna að lágmarki tíu bókstöfum sem þátttakendur nota til að mynda ákveðið orð. Það er nokkurs konar lykilorð og er þekkt úr sögu Eyjafjarðar. Þegar krakkarnir ná að raða saman bókstöfunum og mynda lykilorðið öðlast þeir rétt til að gera lokaatlögu að fundi grenndargralsins. Þeir fá til þess eina lokavísbendingu sem vísar þeim á gralið. Sá eða þeir sem finna gralið standa uppi sem sigurvegarar og fá það afhent til varðveislu í eitt ár við hátíðlega athöfn á sal síns skóla. Þá fá þeir verðlaunapeninga til eignar. Allir sem klára þrautirnar tíu fá viðurkenningarskjal fyrir góða frammistöðu eftir langa og stranga leit.

Að sögn Brynjars Karls Óttarssonar, kennara við Giljaskóla og upphafsmanns verkefnisins, var kveikjan að verkefninu tvíþætt.

Annars vegar þörf á aukinni grenndarvitund nemenda, þ.e. þekkingu á menningu og sögu þeirra eigin heimabyggðar. Hins vegar skortur á tengingu samfélagsfræðinnar, ekki síst söguhluta hennar, við daglegt líf nemenda. Í þessu felst viðleitni til að færa nám þeirra í auknum mæli út fyrir kennslustofuna inn á vettvang þeirra sögulegu atburða sem nemendur eru að kynna sér hverju sinni. Þar með minnkar vægi kennslubókarinnar en aðrir upplýsingamiðlar, svo sem tímarit, dagblöð og ljósvakamiðlar, fá aukið vægi. Fyrir vikið vaknar vonandi áhugi á samfélagsfræði þar sem nemendur upplifa námið merkingarbært, eitthvað sem komi þeim að gagni, en umfram allt ætti að vakna hjá þeim áhugi og virðing fyrir því hvar rætur

þeirra liggja.

Samhliða því námi sem á sér stað við úrlausn þrautanna fer fram keppni milli nemenda um að finna grenndargralið. Þannig upplifa þátttakendur tvöfaldan ávinning, fyrir utan ánægjuna sem fylgir því að læra nýja hluti virkar keppnisfyrirkomulagið ekki síður sem hvatning til að ná árangri. Ekki er þó nauðsynlegt að taka þátt í leitinni á keppnisgrundvelli. Eftir að Síðuskóli bættist í hópinn er keppnin nú ekki einungis milli nemenda úr einum og sama skólanum heldur og milli tveggja skóla. Mikil stemning getur myndast meðal þátttakenda í keppni sem þessari og býður hún upp á ýmsa möguleika þar að lútandi. Til að mynda voru útbúin rafræn kyn-

Meðal þess sem nemendur hafa aflað sér upplýsinga um eru tengsl Jóns Sigurðssonar, frelsishetju Íslendinga, við fyrstu prentsmiðju Akureyringa og tengsl árása nasista á Coventry 1940 við eitt helsta kennileiti Akureyrarbæjar.



Sigurvegarar 2008: Unnur Árnadóttir (t.v.) og Hrafnhildur Ýr Jóhannsdóttir. Með þeim á myndinni eru aðrir þátttakendur sem luku við þrautirnar tíu. Allar eru þær úr Giljaskóla.



Sigurvegarar 2009: Lovísa Rut Stefánsdóttir (t.v.) og Guðrún Baldvinsdóttir. Þær eru úr Síðuskóla.



Höfundur grenndargralsverkefnisins, Brynjar Karl Óttarsson.

Haustið 2008 fór Giljaskóli á Akureyri af stað með tilraunaverkefni í grenndarkennslu hjá nemendum í 8.-10. bekk. Tilgangurinn með verkefninu var að auka áhuga og vitund nemenda á nánasta umhverfi þeirra í gegnum skemmtilegar og spennandi vettvangsferðir og rannsóknarleiðangra. Síðuskóli á Akureyri tók þátt í verkefninu haustið 2009 ásamt Giljaskóla og gengur það undir nafninu *Leitin að grenndargralinu*.

ingarspjöld með myndum af þátttakendum og skemmtilegum upplýsingum um þá sem síðan voru birtar á upplýsingaskjám og heimasíðum skólanna.

Verkefnin sem nemendur þurfa að leysa krefjast aðgangs að mjög fjölbreyttum heimildum sem finna má víðs vegar um bæinn. Þá þurfa nemendur oft og tíðum góðan tíma til að leysa verkefnin sómasamlega. Meðal þess sem nemendur hafa aflað sér upplýsinga um eru tengsl Jóns Sigurðssonar, frelsishetju Íslendinga, við fyrstu prentsmiðju Akureyringa og tengsl árása nasista á Coventry 1940 við eitt helsta kennileiti Akureyrarbæjar. Vegna erfiðleika við að koma slíkri vinnu fyrir, með tilliti til stundaskrár, rútuferða og annarra hamlandi þátta í skólastarfi, fer öll vinna nemenda fram utan skólatíma. Því er um fjálsa þátttöku að ræða. Fórmarkostnaðurinn því samfara getur vissulega orðið sá að færri taka þátt en ef um nám innan stundaskrár væri að ræða. Það þarf hins vegar ekki að vera svo slæmt. Þvert á móti getur það reynst einn helsti styrkleiki verkefnisins. Ávinningurinn verður hópur áhugasamra nemenda sem hafa raunverulegan áhuga á að læra meira um

heimabyggð sína. Innri námshvöt nemandans ræður för og sker úr um hvort hann tekur þátt eður ei. Sá sem vill ekki læra gerir það ekki. Sá sem vill læra gerir það. Þannig er kjarninn greindur frá hisminu. Eftir standa nemendur sem með dugnaði sínum, virkni og ástundun smita út frá sér og hvetja aðra áhugaminni nemendur til góðra verka í námi. Útkoman verður því öllum aðilum hagstæð. Árið 2008 hófu 19 nemendur úr Giljaskóla leik í *Leitinni að grenndargralinu* og árið eftir lögðu 36 nemendur af stað úr Giljaskóla og Síðuskóla í sama tilgangi. Þessir krakkar voru áberandi í skólastarfinu meðan á verkefninu stóð. Eftir því sem leið á leitina vöktu þeir sífellt meiri athygli annarra nemenda með jákvæðu viðhorfi til viðfangsefnisins. Hafa þeir kannski með framgöngu sinni náð að kveikja áhuga annarra nemenda á sögu heimabyggðar?

Auk Brynjars hefur Sigrún Sigurðardóttir kennari við Síðuskóla umsjón með *Leitinni að grenndargralinu*. Þau eru ánægð með hvernig verkefnið hefur þróast og stefna að því að fá fleiri skóla á Akureyri til samstarfs við sig í kjölfar jákvæðrar reynslu fyrstu tvö árin.



Rósa Ingibjörg Tómasdóttir (t.v) og Aldís Bergsveinsdóttir.

Leitin að grenndargralinu

Upplifun tveggja stúlkna af þátttöku í *Leitinni að grenndargralinu* haustið 2009.

Báðar eru þær í Giljaskóla og heita Rósa Ingibjörg Tómasdóttir og Aldís Bergsveinsdóttir. Þær eru í 9. bekk.

Hvað fannst þér skemmtilegast við þátttökuna í *Leitinni að grenndargralinu*?

Rósa: „Mér fannst skemmtilegast að kynnast sögu bæjarins. Keppnin var mjög skemmtileg tilbreyting frá náminu og ég hafði mjög gaman af henni. Ég ætla pottþétt að taka aftur þátt næsta haust.“

Aldís: „Mér fannst skemmtilegast að læra ýmislegt nýtt í sögu bæjarins sem ég vissi ekki áður. Það var líka mjög spennandi og skemmtilegt að leita að vísbendingum og reyna að vera á undan hinum liðunum. Við lentum í ýmsum ævintýrum í allskonar veðrum og vindum sem gerði *Leitina* bara ennþá skemmtilegri.“



Grenndargralið sjálft.



Kynningarmynd af liðinu StílistaNíó. Dæmi um rafræna kynningu á upplýsingaskjám og heimasíðum Giljaskóla og Síðuskóla.

Ert þú á leiðinni í FKE?

Kennari sem fer á eftirlaun verður ekki sjálfkrafa meðlimur í Félaga kennara á eftirlaunum (FKE) heldur þarf hann að sækja sérstaklega um það. Nægilegt er að senda beiðni í tölvupósti þar sem fram kemur nafn, heimilisfang, kennitala, heimasími, farsími og netfang) til Sigríðar Sveinsdóttur, sigridur@ki.is

Hugaðu að raddheilsunni

Röddin er atvinnutæki kennara. Góð og heilbrigð rödd er áheyrileg og kemur töluðu máli vel til skila. En það er ýmislegt sem getur haft neikvæð áhrif á rödd kennarans:

- Krafa um að tala lengi.
- Fjarlægð milli kennara og nemenda.
- Mikill hávaði í umhverfinu.
- Slæmt loft í kennslustofu.
- Streita.
- Skortur á raddþjálfun.

Líklegt er talið að mikill hluti kennara þjáist af ýmsum raddbundnum álagseinkennum, svo sem þurrki, ertingu, sviða, hæsi án kvefs, ræskingapörf, raddbresti og raddþreytu.

Það er því mikilvægt fyrir kennara að kynna sér hvernig röddin virkar og hvað hefur áhrif á hana, hvernig sé best að beita henni til að það sem sagt er skili sér til nemenda án þess að það bitni á raddheilsu.

Meðal úrbóta hefur verið bent á að:

- nota magnarakerfi,
- draga úr hávaða - t.d. setja einangrun á snertifleti húsgagna og einangrun í loft og á vegg,
- bæta inniloft, hafa til dæmis opna glugga og eftirlit með loftræstikerfum,
- fá kennslu í raddbeitingu.

Sjá nánar á www.ki.is undir vinnuumhverfisbólu maímánaðar.

Eplið er á vefnum

Eplið, rafrænt fréttabréf KÍ, er á vefnum. Lestu Eplið á www.ki.is

Varstu að skipta um netfang?

Láttu okkur vita! sigridur@ki.is

Ráðgjafar hjá KÍ – ný þjónusta

Hér er kynnt til sögunnar ný þjónusta á vegum Kennarasambandsins sem vonandi fellur í góðan jarðveg. Félagsmenn geta skrifað tölvupóst og spurt ráðgjafa í einstökum málaflokkum um hvaðeina sem þeir æskja svara við. Valin svör eru ýmist birt á www.ki.is eða í Skólavörðunni. Öllum bréfum er svarað ýmist persónulega eða með tilvísun í upplýsingar annars staðar (til dæmis á vef Kennarasambandsins). Fyrirsprjandi getur óskað nafnleyndar.

Til að byrja með bjóðum við upp á ráðgjöf í þessum málaflokkum:



Kaup og kjör

Ráðgjafi: Ingibjörg Úlfarsdóttir launafulltrúi KÍ.



Vinnuumhverfi

Ráðgjafi: Hafdís Dögg Guðmundsdóttir starfsmaður vinnuumhverfisnefndar KÍ.



Starfsendurhæfing

Ráðgjafi: Margrét Gunnarsdóttir ráðgjafi KÍ hjá VIRK.

Hvert á að senda fyrirspurn?

Fyrirspurnir eru sendar á netfangið kristin@ki.is og merktar í bréfatitli með þessum hætti: **RÁÐGJÖF** (nafn ráðgjafa).

Ef fyrirspurnin er til dæmis til Margrétar Gunnarsdóttur þá stendur í „subject“: **RÁÐGJÖF** Margrét Gunnarsdóttir.


Fleiri ráðgjafar?

Ef þetta gefst vel og félagsmenn sýna áhuga munum við fjölga ráðgjöfum og fá gott fólk til liðs við okkur á fleiri sviðum.

Félagsmenn, athugið!

Skólavörðan kemur eftirleiðis út fjórum sinnum á ári. Þetta fyrsta tölublað með nýju sniði er sent öllum virkum félagsmönnum en eftirleiðis einungis þeim sem óska eftir því. Einnig eru send eitt til fimm eintök í skóla eftir fjölda kennara. Í haust verða settar upp sk. Mínar síður á vef KÍ og þar geta félagsmenn meðal annars stjórnað áskrift sinni að Skólavörðunni.

Viltu nota leiklist í kennslu?



Frábært námskeið fyrir kennara sem vilja læra hvernig á að nota leiklist í kennslustofunni, til þess að efla samkennd, metnað, virkni og meiri áhuga nemenda. Mjög öflugt hópefli sem skapar góða stemningu í nemendahóp.

Námskeið fer fram dagana 10. og 11. ágúst á Suðurnesjum.

Vertu hrífandi leiðtogi á jákvæðan hátt!

Kynntu þér málið og tryggðu þér pláss!



Marta Eiríksdóttir

Skráning og nánari uppl. í síma 848 5366 og www.pulsinn.is

ALBA

Gistiheimili

Orlofsávísanir KÍ gilda hjá okkur



Í miðri Reykjavík

■ www.alba.is
Eskihlíð 3 • 105 Reykjavík
stay@alba.is • Sími 552 9800

KENNARASTÖÐUR VIÐ TÁLKNAFJARÐARSKÓLA 2010 - 2011

Tálknafjarðarskóli, sameinaður leik-, grunn- og tónlistarskóli, vill ráða kennara fyrir næsta skólaár:

- **leikskólakennara** til að taka við deildarstjórn leikskóladeildar. Fyrir liggur metnaðarfull áætlun um uppbyggingu menntastarfs á Tálknafirði með tillögu um að leik-, grunn- og tónlistarskóli starfi undir einu þaki.
- **tónlistarkennara** til að leiða tónlistarstarf í leik- og grunnskóla og kenna á eitt eða fleiri eftirtalinn hljóðfæra í tónlistardeild skólans: harmóníka, gítar, fiðla, slagverk og tré- eða málmblasturshljóðfæri.
- **grunnskólakennara** til kennslu íþróttar – líkams- og heilsuræktar (14 stundir) ásamt öðrum greinum, m.a. íslensku, hönnun og smíði og listgreinum (myndmennt, leikrænni tjáningu, textílmennnt og dansi).

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Kennararéttindi
- Reynsla af kennslu á viðkomandi kennsluviði
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi

Skólinn leggur ríka áherslu á að tengja nám við daglegt líf, áttunga og umhverfi nær og fjær, efla frumkvæði og ábyrgð nemenda og gefa þeim tækifæri til að rækta margs konar hæfileika. Grænfáninn blaktir við hún á báðum starfsstöðvum skólans.

Ráðið verður í stöðurnar frá 1. ágúst nk.

*Laun eru samkvæmt kjarasamningi KÍ.
Umsókn ásamt ferilskrá skal senda á netfangið skoli@talknafjordur.is.
Upplýsingar um störfín veitir skólastjóri í síma 456 2537.*



Tálknafjörður er skjólgóður, lygn og gróðursæll miðja vegu á milli Arnarfjarðar og Patreksfjarðar, með fjölbreyttu mannlífi, góðu félagslífi og íþróttamannvirkjum eins og þau gerast best.

Í kaптúninu búa um 300 manns. Tálknafjarðarskóli er góður vettvangur fyrir kennara sem langar að starfa í metnaðarfullum skóla við ákjósanlegar aðstæður.





Ingibjörg

Marta

Hvers vegna ertu hér?

Texti: keg

Myndir: js

Marta og Ingibjörg taka við stjórnartaumunum

Í Kennarasambandinu eru tveir nýir formenn, Marta Dögg Sigurðardóttir formaður Félags leikskólakennara (FL) og Ingibjörg Kristleifsdóttir formaður hins nýstofnaða Félags stjórnenda leikskóla. Við bjóðum þær báðar hjartanlega velkomnar til starfa. Það er tilhlýðilegt að spyrja nýtt fólk í forystusveit þessarar spurningar: Af hverju gefur þú kost á þér til þessara starfa og hvað hefurðu fram að færa? Eða, í stuttu máli, *hvers vegna ertu hér?*

Ingibjörg:

Heiðarlegt svar við þessari spurningu er að ég er í eðli mínu svo afskiptasöm að ég get ekki legið á skoðunum mínum. Ég trana mér fram við hvert tækifæri þar sem ég held að ég geti breytt einhverju. Ég hef verið leikskólakennari í yfir tuttugu ár og er svo ánægð með starfið að það jaðrar við dramb. Ég vil hafa áhrif í þá átt að samfélagið setji menntun í forgang og vel menntaðir kennarar í góðum skólum séu stolt þjóðarinnar.

Það má líkja því við vettvangsnám fyrir þetta starf að undanfarin tvö ár hef ég verið varaformaður Félags leikskólakennara. Þar var ég nemi hjá Björgu Bjarnadóttur sem er reynslubanki okkar og gagnagrunnur. Mér finnst mjög gaman í vinnunni og er ofboðslega stolt yfir því að vera treyst til að vera fyrsti formaður FSL.

Það á að vera eftirsóknarvert að fara í fimm ára nám til þess að fá réttindi til að kenna í leikskóla. Þeir sem velja sér leikskólakennaranám eru fullir af sköpunarkrafti og námið verður að höfða til þeirra. Allir leikskólakennarar telja sig koma úr besta árgangi sem nokkru sinni hefur útskrifast og ég vona að HA og HÍ haldi lífi í þeirri stemmningu. Þó að breytingaskeiðið - úr þremur árum í fimm - verði kannski erfitt og búast megi við tímabundinni fækkun útskrifaðra leikskólakennara þá verður þessi breyting algjör lyftistöng fyrir leikskólann sem lærdómssamfélag. Nú fyrst verða íslenskar rannsóknir á íslenskum leikskólum og á íslensku grundvöllur framþróunar í leikskólastarfi.

Áðurnefndur sköpunarkraftur leikskólakennara hefur gert leikskóla litríkar og lifandi menntastofnanir. En því miður er ekki allt í himnalagi.

**Lesið um stofnun FSL og
aukaaðalfund FL á www.ki.is**



Leikskólastjórnendur verða að hafa svigrúm til þess að standa við lögbundna námskrá og kjarasamninga - sem eru þó bara byrjunarreitur fyrir góða skóla.

Það verður að breyta starfsumhverfi í leikskólum þannig að það geri kennurum kleift að uppfylla faglegar kröfur. Okkur skortir tíma til þess að skipuleggja, undirbúa og endurmeta starfið og hafa samráð við samstarfsfélaga. Víða er vítahringur álags og forfalla og ekki bætir niðurskurður úr skák. Það er skrítn reiknikúnst að halda að niðurskurður í starfsmannahaldi skili einhverjum aukum. Hann endar alltaf með því að verða miklu dýrara. Leikskólastjórar eru margra manna makar og stundum finnst mér að gengið sé á lagið með samviskusemi þeirra. Þeir leggja allt á sig til að láta daginn ganga upp, sinna forfallakennslu og ganga hiklaust í öll störf. En þó að það geti verið heillandi að vita ekki að morgni hvað dagurinn ber í skauti sér þá bitnar það á gæðum leikskólans ef skólastjórinn þarf ítrekað að ýta til hliðar tilætluðu hlutverki sínu sem faglegur leiðtogi.

Við verðum að vera leiðandi í því að forgangsraða þannig að skólastarfið gangi fyrir. Við eigum að bjóða börnum upp á menntandi umhverfi sem uppfyllir okkar faglegu kröfur og megum ekki grípa til þess ráðs að ýta faglegu starfi til hliðar. Leikskólastjórnendur verða að hafa svigrúm til þess að standa við lögbundna námskrá og kjarasamninga - sem eru þó bara byrjunarreitur fyrir góða skóla.

Þetta snýst um svo miklu meira en að hafa hæfilega mörg börn miðað við einn fullorðinn - í þessu sambandi þarf ég að fá að leiðrétta þann leiða misskilning að aukin menntun kennara geri þá hæfari til þess að annast um og kenna fleiri börnum. Við tökum ekki meistaragráðu í að

ráða við fleiri krakka, þá væri hægt að hafa einn doktor á deild og loka á eftir honum. Þetta snýst um betri menntun og betri skóla sem leiðir af sér betra mannlíf og betra samfélag.

Leikskólastjórnendur eru núna komnir með vettvang þar sem þeir fá tækifæri til að ræða og koma áherslum sínum á framfæri. Ef ég þekki okkur rétt verður það áfram á þeim forsendum að bjóða börnum upp á bestu hugsanlegu menntun. Til þess verðum við að styrkja innviðina með betra starfsumhverfi, fleiri leikskólakennurum og betri kjörum. Við eigum eftir að standa saman að þessu í báðum félögum, FSL og FL, og tvö félög með eina rödd geta hljómað hærra og betur og náð meiri árangri. Við höfum alltaf sett hagsmuni barna í fyrsta sæti og skoðum öll mál út frá velferð þeirra, það hefur ekkert breyst. Hagsmunir okkar allra og hagsmunir barna fara saman.



Í varnarbaráttu líkt og nú blasir við skiptir forysta stéttarfélagins vissulega máli en það er ekki síður mikilvægt að félagsmenn sjálfir láti í sér heyra, hver í sínu sveitarfélagi.

Marta:

Það má segja að ég hafi fengið áhugann bæði á leikskólakennarastarfinu og félagsstörfum í móðurarf. Mamma mín, Sólveig Ásta Ásgeirsdóttir, fór í fóstrunám eins og það hét í þá daga þegar ég var enn í leikskóla, og starfaði við fagið allt þar til hún lét af störfum fyrir nokkrum árum. Ég man ekki eftir mér öðruvísi en í mikilli nálægð við leikskólann. Mamma var virk í félagsstörfum og ég man til að mynda eftir mér við kaffisölu í BSRB húsinu, á fræðslufundum og svo auðvitað í kröfugöngum. Í minningunni var þarna á ferðinni óskaplega skemmtilegur hópur og mér hefur alla tíð þótt mjög vænt um þetta félag.

Mér leist því ekki á blikuna þegar talið barst að því á sínum tíma að skipta félaginu upp í kennarafélag annars vegar og stjórnendafélag hins vegar. En ég hef fengið tíma til að aðlagast hugmyndinni og við gerum auðvitað það besta úr stöðunni. Ég vil leggja mitt af mörkum til að félögin tvö eigi sem mest og best samstarf. Við verðum að hafa hugfast að það er miklu fleira sem sameinar okkur en greinir okkur að. Við stöndum óneitanlega á tímamótum, í fyrsta sinn í sögu félags leikskólakennara verða stjórn félagsins og nefndir eingöngu skipaðar almennum leikskólakennurum. Nýju fólki fylgja nýjar áherslur og hugmyndir og það verður spennandi að sjá hvaða breytingar verða á störfum félagsins við þessi umskipti.

Stjórnendahópurinn stendur vel og býr yfir mikilli og góðri reynslu en hana skortir hins vegar töluvert í kennarahópnum. Á þessum tímamótum er því gríðarlega mikilvægt að leikskólastjórar hvetji kennara sína til þátttöku í trúnaðarstörfum fyrir félagið okkar og skapi þeim um leið svigrúm til að sinna þeim. Það ríður á að vel takist til strax í upphafi.

Hvað sjálfa mig varðar er ég fylgin mér og tel mig hafa sterka réttlætiskenn. Ef málstaðurinn er góður stendur ekki á mér að berjast fyrir hann. Ég er líka svolítið félagsmálafrík. Ég hef til dæmis verið í formennsku fyrir foreldrafélag grunnskóla dætra minna og var áheyrnarfulltrúi starfsfólks leikskóla í leikskólanefnd og síðar fræðsluráði Hafnarfjarðar. Ég tók snemma að mér trúnaðarstörf fyrir FL og hef setið bæði í stjórn og samninganefnd. Ég er full tilhlökkunar að takast á við þau krefjandi verkefni sem formannstarfinu fylgja og lít björtum augum til framtíðar. Við tökum við góðu búi. Ég hef verið

þeirrar gæfu aðnjótandi að hafa kynnst vel störfum Bjargar sem formanns FL undanfarin ellefu ár og gæti haft um það mörg orð hversu mikla mannkosti hún hefur til að bera og hversu ötulllega hún hefur starfað fyrir okkur í gegnum tíðina. Það er ljóst að við eigum henni margt að þakka og að betri lærímóðir er vandfundin. Formennska í stóru stéttarfélagi lærist ekki á einni nóttu og það verður enginn hæðarleikur að feta í fótspor Bjargar.

Menntun leikskólakennara er mér hugleikin. Hugmyndafræði og sérstaða leikskólans má ekki verða undir og glatast í nýju námsfyrirkomulagi háskólanna. Nám í leikskóla á að spretta af áhugahvöt barnanna og fara fram í gegnum leik og skapandi starf. Í því liggur styrkur leikskólans. Það á líka að vera gaman að læra, hvort sem þú ert í leik- eða háskóla. Leikskólakennaranámið hefur alla tíð verið lifandi og skemmtilegt nám og þannig á það að vera. Vettvangsnámið skiptir líka sköpum fyrir verðandi leikskólakennara. Handleiðsla á vettvangi nær bæði til faglegra og hagnýtra þátta starfsins og veitir leikskólakennaranemum tækifæri til að ígrunda og samþætta fræðin og starfið. „Learning by doing“ á jafnt við um leikskólakennaranema og börn. Þessa þætti námsins verðum við að verja.

Kjaramálin eru mér líka auðvitað ofarlega í huga. Kjarabaráttunni lýkur aldrei. Áfram verður barist fyrir bættum kjörum stéttarinnar, hvort heldur um er að ræða bein launakjör eða annað sem hefur áhrif á starfsaðstæður leikskólakennara, svo sem álag vegna skorts á kennurum og öðru hæfu starfsfólki, húsnæði og annar aðbúnaður á vinnustöðum - til dæmis hljóðvist og nemendafjöldi á deildum.

Leikskólar hafa ekki farið varhluta af þeirri niðursveiflu sem verið hefur í íslensku samfélagi undanfarin misseri. Flestum sem til þekkkja þykir nóg um þar sem leikskólarnir nutu síður en svo góðærisins á sínum tíma. Kjör leikskólakennara hafa líkt og svo margra annarra verið skert og þykir mörgum að nú hljóti að vera komið nóg. Í varnarbaráttu líkt og nú blasir við skiptir forysta stéttarfélagins vissulega máli en það er ekki síður mikilvægt að félagsmenn sjálfir láti í sér heyra, hver í sínu sveitarfélagi. Ég hvet okkar fólk til þess að vera öðult að krefjast forgangsroðunar í þágu menntunar og kjarabóta til jafns við aðra launþega í landinu. Þetta er réttlætismál.

[COMENIUS LEIK-, GRUNN-, OG FRAMHALDSSKÓLASTIG]

Landskrifstofa Menntaáætlunar Evrópusambandsins | Háskólatorgi | Sæmundargötu 4 | 101 Rvík | S: 525 4311 | ask@hi.is

Comenius – evrópskar tengslaráðstefnur 2010

Kennarar/skólastjórnendur geta sótt styrki til að sækja tengslaráðstefnur vítt og breitt í Evrópu. Tækifæri fyrir skóla á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi til að koma af stað evrópskum samstarfsverkefnum. Listi yfir ráðstefnur á haustmánuðum birtist í byrjun sumars á: comenius.is

Tengslaráðstefna í Reykjavík

Í október nk. verður haldin evrópsk tengslaráðstefna í Reykjavík dagana 7.-10. október. Væntanlegir verða um 50 evrópskir kennarar frá flestum Evrópulöndum, íslenskir kennarar eru velkomnir. Skráning á: Comenius.is/reykjavik2010

Landskrifstofa Menntaáætlunar ESB, Háskólatorgi. Comenius.is, s. 525 5852, rz@hi.is, teva@hi.is



Skólastjóri á Raufarhöfn

Laus er staða skólastjóra samrekins Grunn- og leikskóla Raufarhafnar. Leitað er að metnaðarfullum og áhugasömum einstaklingi sem er tilbúinn að leiða og þróa kraftmikil skólastarf.

Starfssvið

- Stjórnun og ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri skólans
 - Fagleg forysta skólans og staða að framþróun í skólastarfi
 - Leiða samstarf starfsmanna, nemenda, heimila og skólansfélagsins í heild
- Menntunar- og hæfniskörfur
- Kennaramenntun
 - Framhaldsmentun á sviði stjórnunar askileg
 - Reynsla af kenningu og vinnu með börnum og unglingum
 - Stjórnunaraðferðir, samskipti og metnaður til að ná árangri í starfi

Upplýsingar um starfið veitir Huld Aðalbjarnardóttir menningar- og fræðsluflutrá Nórðarþings í sími: 464-6123 eða á netfanginu huld@nordarthug.is

Grunnskólakennari og leikskólakennari

Grunnskólinn á Raufarhöfn er heildstæður samrekin leik- og grunnskóli með um 40 nemendum. Við erum að fara að flaggja *Grænflóanum* bráðlega og erum í innleiðingarferli *Uppbyggisgarstefunnar* (uppeldi til ábyrgðar – uppbygging sjálfsaga).

Við leitum eftir vel menntaðum og metnaðarfullum kennurum sem vilja taka þátt í þróun skólastarfs með öðrum starfsmönnum skólans. Við leggjum áherslu á sveigjanlega kennisáætti, samvinnu og velliðan starfsfólks og nemenda.

Laus er staða *leikskólakennara* sem getur hafið starf fljótlega við leikskóladeildina og staða *grunnskólakennara* á unglingsstigi.

Áhugasamir kennarar hafi samband við Jóhanna Dögg Stefánsdóttur skólastjóra í síma 695-7117 eða sendi umsókn á netfangið johanna@raufarhofn.is

Umsóknarfrestur um framangreindar stöður framlengist til 10. júní 2010.
Heimasíða skólans er: <http://grunnskoli.raufarhofn.is>

Nórðarþing er öflugt sveitarfélag sem einkennist af fjölbreyttu mannlífi og miklum sköpunarkrafti manna og náttúru.

Alltaf eitthvað nýtt!

Námshagnastofnun kynir nýtt efni

Eftirtaldir titlar eru nýttkomnir:

Náðu tökum á náminu. Lítið hver fyrir nemendur í námstækni.



Viltu bæta námsárangur þinn?
Þarftu að skipuleggja tímann betur?
Viltu endurskoða lífsvenjur þínar?
Viltu ná betri einbeitingu?
Viltu setja þér skýr markmið?
Þarftu að vinna gegn prófkvíða?

Lítu í bókina, þar finnur þú ýmis svör.
Bókin er í litlu broti (12x18 cm).


CO₂ – Framtíðin í okkar höndum



CO₂ – Framtíðin í okkar höndum er þemahefti fyrir unglingastig grunnskóla. Þær miklu breytingar á hitastigi sem hafa orðið undanfarna áratugi á jörðinni eru flestum kunnar. Hverjar eru orsakir þessara breytinga? Á maðurinn einn sök? Hvað getum við gert?

Þemaheftið fjallar frá ýmsum sjónarhornum um loftslagsbreytingarnar á jörðinni og er reynt að varpa ljósi á flókin ferli sem eiga sér stað í náttúrunni. Leitast er við að svara áleitnum spurningum en jafnframt vekja áhuga nemenda á nýjum viðfangsefnum og opna möguleika á áframhaldandi þekkingarleit í tengslum við umhverfismál. Þemaheftið CO₂ er hluti námsefnis um loftslagsbreytingar sem varð til í samvinnu Námsgagnastofnunar og umhverfisráðuneytisins. Á vef Námsgagnastofnunar www.nams.is er vefsíða með kennsluleiðbeiningum og fræðslumynd, ásamt verkefnum og krækjum sem auðveldað geta verkefnavinnu.

Norðurlönd



Bókin *Norðurlönd* er ætluð nemendum á miðstigi grunnskóla. Í fyrri hluta hennar er almenn umfjöllun um Norðurlöndin en í seinni hlutanum er fjallað um einkenni hvers lands fyrir sig að Íslandi undanskildu. Kennsluleiðbeiningar og verkefni verða á á vef Námsgagnastofnunar www.nams.is

Vefirnir Leikum að íslenskum orðum og Play with english



Sami vefur í enskri og íslenskri útgáfu.

Íslenska útgáfan er til ætluð til málörvunar í íslensku fyrir nemendur með hægán málþroska og ekki síður nemendur með annað móðurmál en íslensku. Enska útgáfan hentar til enskukennslu á yngsta stigi.



Vefirnir nýtast einnig byrjendum í ensku og íslensku á miðstigi. Markmið þeirra er fyrst og fremst að kenna nemendum algeng orð, ritun þeirra, lestur og framburð. Þemur sem tekin eru fyrir á vefnum eru áþekkt þeim sem finna má

í byrjendaefti í ensku og málörvunarefti eins og *Adventure Island of English Words* og *Orðasjóði* sem og *Right On!* Því er auðvelt að nota vefinn samhliða því námsefni.

Númi og konurnar þrjár



Númi er grallari. Honum finnst gaman að hjóla og renna sér á bretti, auðvitað alltaf með hjálm og hlífár. Bókin er í senn bók til lestrarþjálfunar og til að minna á mikilvæg atriði í tengslum við slysavarnir, s.s. notkun á öryggisbúnaði við hjólreiðar og á hjólabretti sem og að minna á neyðarnúmerið 112. Orðaval í bókinni tekur ekki alfarið mið af því að hún er ætluð byrjendum í lestri. Því er mikilvægt að kennarar og foreldrar

styðji við lesandann eða lesi jafnvel fyrir hann á köflum. *Númi og konurnar þrjár* er skreytt litríkum og fjórlegum myndum sem styðja vel við glettinn textann. Bókin er gefin út í samstarfi við Slysavarnafélagið Landsbjörg sem kostaði gerð mynda og texta.

Í hverjum mánuði koma út nýir titlar hjá Námsgagnastofnun, bæði prentað efni og efni á vef. Við hvetjum alla, sem vilja fylgjast með nýjum útgáfum og fá fréttir um fræðslufundi, námskeið o.fl, til að skrá sig á póstlista stofnunarinnar á vefnum www.nams.is

Bon appetit!

Pique-nique í sumar

Þessar dásamlegu færanlegu sumarveislur sem við köllum lautarferðir eru upprunnar í Frakklandi ... eða að minnsta kosti orðið yfir þær. Picnic, pikknikk, á frönsku: Pique-nique. Eftir byltinguna voru hinir konunglegu garðar opnaðir almenningi og piqueniquers (lautarferðalangar) fluttu sig um set úr stofum sínum og út á tún. Þótt við höfum kannski ekki efni á að ferðast mikið í sumar getum þó alltaf skroppið út í garð í pique-nique!

Aðalatriðin:

Ef ykkur langar í lautarferð með frönskum blæ er það ofureinfalt. Það sem þið þurfið að muna er: Baguette, rauðvín, ostar, ávextir (til dæmis eplabátar, plómur, ferskjur, jarðarber).

Næst á dagskrá:

Ef þið viljið hafa aðeins meira við: Kæfa (paté), áleggspylsa, litlar kökur, ólífumauk (tapenade) ofan á brauð, nýkreistur appelsínusafi, vínber, vatn, sulta. Ekki gleyma salti og pipar. Spínatsalatið á næstu síðu er líka fantagott í lautarferð.

Það sem við borðum ekki en þarf að vera með:

Ágætt er að hafa kælibox með í för, körfu, viskastykki, glös, diska og hnífapör, servíettur, blautþurrkur fyrir hendur og ruslapoka. Þá er gott að hafa lautarferðadúk eða þunna dýnu, má gjarnan vera vatnshelt. Sumir vilja taka með sér iPod og hátalara en aðrir kjósa að hlusta á tónlist náttúrunnar.

Í staðinn fyrir servíettur og handþurrkur er hér eitt enn betra:

Takið nokkur þvottastykki, bleytið þau í sjóðheitu vatni, vindið mesta vatnið úr þeim og vefjið hverju um sig í álpappír, raðið þeim svo í flugvélaplastpoka (plastpoka með rennilás). Voilá! Hlýtt, gott og hreinsandi fyrir andlit og hendur.

Leikföng eru líka ómissandi, húlahringur, sippuband, badmintonspáðar og flugur, brennibolti, krítar, vatnsbyssur.

Þrjár lautarlegar:

Hér eru þrjár uppskriftir til viðbótar að frábærum pique-nique samlokum og sígildum sumardrykk.

Límonaði

1 b. vatn
1 b. sykur
Safi úr 4-6 sítrónum
4 b. kalt vatn, gott er að bæta við smávegis sóðavatni, toppi eða kristal

Sjóðið saman 1 b. af sykri og 1 b. af vatni, hrærið í stöðugt þar til sykurinn hefur leyst alveg upp. Kælið í ísskáp. Að því loknu er þessu blandað saman við allt hitt, hellt á kælibrúsa og tekið með. Uppskriftin er margfölduð eftir þörfum. Gott er að búa til svolítið aukalega og frysta í klakaboxi til að nota út í límonaðið í staðinn fyrir venjulega ísmola. Þá þynnist það ekki út.



Edouard Manet hafði svo mikil áhrif með málverki sínu af lautarferð, *Déjeuner sur l'herbe* (hádegisverður á grasinu) árið 1863 að Cezanne, Picasso og Monet ruku til og fóru að mála myndir af þessu fyrirbæri líka.

Pan Bagnat

Þessi er seld á frönsku Rívíerunni í bílförum.

2 hvítlauksrif, marin eða smáttskorin
1/3 b. ólífuolífa
1 baguette (líka gott að nota ciabatta)
2 ds. túnfiskur í olíu (líka hægt að nota þennan nýja frá Ora með hvítlauk, ólífuolíu og sólþurrkuðum tómötum)
1/3 rauðlaukur
2 msk. capers
2 msk. rauðvínsedik
tómatar, sneiddir

Blandið saman hvítlauk og ólífuolíu. Skerið brauðið langsum í tvennt og penslið með hvítlauksolíunni. Sigið túnfiskinn. Blandið saman túnfiski, rauðlauk, capers, ediki og nógu af hvítlauksolíunni til að salatið fái hæfilega „salatáferð“. Smyrjið brauðið og raðið tómatsneiðum ofan á, vefjið brauðið þétt inn í álpappír og kælið í nokkra klukkutíma fyrir lautarferðina.

Þessi fjölbreytta

8 sn. fjölkornabrauð
¼ b. gráðostsósá (eða blue cheese dressing duft og ½ b. majones)
2 steiktar og skornar kjúklingabringur (hægt að hafa bara eina til að spara!)
1 þroskuð lárpera (avókadó)
8 sneiðar steikt beikon
2 harðsoðin egg
4 salatblöð
Smyrjið ostsósunni á brauðið, um 2 msk. á hverja sneið.
Raðið öllu hinu á og lokið í samloku.

Frá Þjattrófu til kennara

Daglegur þjattrúntur kennarans

Flestar konur eru óttalega þjattaðar og það er satt sem hún Joan Bennet sagði á því herrans ári 1944 að „aðlaðandi er konan ánægð“. Þetta þýðir samt ekki að við þurfum að vakna kl 6:30 á morgnana til að krulla og blása hárið, þekja andlitið með farða og skella okkur í fokdýra skó frá Prada.

Auðvitað er hverri konu í sjálfsvald sett hvernig hún skilgreinir sig aðlaðandi en flestum líður okkur þó betur þegar hárið hegðar sér eins og við viljum að það geri og húðin er stillt.

Þó það sé ekki endilega allt morandi í kynsandi körlum á flestum vinnustöðum kennara (þar sem konur eru víðast í miklum meirihluta) er samt nauðsynlegt gleðja kvensálina með smá fegurð á hverjum morgni áður en farið er út í daginn.

Þjattrófurnar skilgreina ekki fegurðina bara í því sem augað nemur þó oftast sé sú fegurð það fyrsta sem grípur. Góður ilmur er líka úr heimi hins fallega og það sama má segja um fallega tónlist, falleg heimili og góðan mat.

Daglegur þjattrúntur kennarans gæti verið fólgin í því að byrja á að setja fallegt lag á fóninn til að komast í góðan gir og sprauta smá ilmvatni í hálsakot. Góður ilmur skapar oft góðar minningar hjá þeim sem kynnast þér. Eftir tíu ár finnur gamall nemandi ilminn frá þér á fönnum vegi og hugsar „ahhhhh...“ með bros í hjarta.

Dagkrem með hárrí sólarvörn ætti að koma þessu næst og ef þú ert á hraðferð skaltu nota hyljara á bauga og bletti og skella svo smá sólarpúðri í vangana.

Ekki vera feiminn við að nota augnskugga kringum augun (oft góður í stað blýants) því augun eru spegill sálarinnar og skugginn beinir athyglinni að þeim. Brúnir litir draga fram bláma í augum og eru oftast skothelt val.

Brúkukrem eru algjör snilld á upplýsingaöldinni þegar við vitum að sólin býr til hrukkur og það er voða gott að eiga eitt slíkt fyrir andlitið. Mundu bara að hafa ekki þurra húð þegar þú berð það á og berðu líka á háls og bringu.



Þjattrófurnar

Eftir tíu ár finnur gamall nemandi ilminn frá þér á fönnum vegi og hugsar „ahhhhh“ með bros í hjarta.

Fylgihlutir á borð við glingur og skart eru frábært hversdagsþjatt. Sítt hálskraud, fallegir eyrnalokkar og sætur klútur um hálsinn getur gert gæfumuninn og komið smá glamúr í þreytulegan þriðjudaginn.

Að lokum skaltu muna að taka ávexti með í tóskuna, eða möndlu-poka því þær eru svo góðar fyrir húðina og línurnar og svo er það bara að brosa út í eitt því bros getur dimmu í dagsljós breytt.

Margrét Gústavsdóttir

Margrét er ein af Þjattrófunum sex en þær skrifa sitt skemmtilega blogg á <http://pjattrofur.eyjan.is>

Besta spínatsalat í heimi

Þetta er *mjög* gott svo að ekki sé meira sagt. Uppruni uppskriftarinnar er ókunnur en hún barst okkur frá Sylvíu Gústafsdóttur kennara og fræðslustjóra hjá KPMG.

1 ds. sýrður rjómi
3-4 msk. majones
¼ - ½ pk. púrrulaukssúpa frá Knorr
4-6 hvítlauksrif
½ - 1 ds. vatnshnetur, smátt saxaðar, notast líka sem skraut
Skvetta (dass) af sojasósu
Skvetta (dass) af Worcestershiresósu
Spínat (frosið) , um 1 poki


Saxið hvítlauk og vatnshnetur smátt eða hakkið í vél (ekki mala í duft). Hrærið saman sýrðan rjóma og majonesi, setjið hvítlaukinn út í ásamt súpuþufti og hnetum. Bætið sojasósu og Worcestersósu út í. Afþýðið spínat, kreistið vökva úr, hrærið út í. Betra er að hafa það ekki of blautt og ef til vill þarf meira spínat út í eða minnka sýrða rjómann eða majonesið (jafnvel sleppa því) eftir smekk. Loks er allt hrært saman og smakkað til. Berið fram í krústeinsbrauði eða öðru brauði með harðri skorpu. Brauðið er holað að innan, salatið sett ofan í og Tortillaflögum raðað í kring. Að sjálfsögðu er einnig hægt að bera salatið fram í skál. Krústeinsbrauð fæst til dæmis í bakaríinu í Suðurverri í Reykjavík.

Kaloríu fyrir kaloríu gefur laufgrænt grænmetið þér meiri næringu en nokkuð annað.

Krossgáta Skólavörðunnar

LÁRÉTT

1. Þýska yfir varúð. (7)
4. Draugagangur. (10)
7. Drengjaföt sem svipar til búninga sjómanna. (10)
8. Elsta safn eddukvæða. (10)
10. Írskur söngvari, Johnny _____. (5)
12. Óvættur sem er ímynd kuldans. (9)
15. Haf sem Rómverjar kölluðu Mare Nostrum. (12)
17. Sýra blönduð vatni til heimilisnota, t.d. matargerðar. (4)
18. Meðfæddir rauðbláir flekkir í andliti. (6)
19. Sá sem myndar horn við láréttan flöt eða línu. (9)
22. Merki eftir einn putta (8)
25. Lítil hluti hveitikorns sem geymir m.a. E-vítamín. (9)
27. Japanskur kvenkyns skemmtikraftur. (6)
29. Sérstakur fiskur, sem lifir í hlýjum sjó við miðbaug, með hala, sérstaka hringi utan um sig og óvenjulegt höfuðlag. (8)
30. Hallveig _____, sambýliskona Snorra Sturlusonar. (10)
33. Fugl sem haldinn hefur verið sem húsdýr. (3)
35. Títani sem ber jörðina á bakinu. (5)
36. Skór sem indjánar klæddust (et.) (2)
37. Fæðingarland Búdda. (7)
38. Síróp búið til úr blómum, notað í íranskri matargerð. (8)
39. Eyjar þar sem málið norn var eitt sinn talað. (9)



LÓDRÉTT

2. Kvikmynd um Evrópubúa á flóttu til Ameríku sem stoppa í marokkóskri hafnarborg. (10)
3. Breskur flotaforingi sem dó á þiljum skipsins Victory. (6)
4. Efnismagn. (6)
5. Algeng áttfætla. (7)
6. Ránfugl af hrævaætt sem finnst í Ameríku. (6)
9. Samhringing bjallna. (11)
11. Annað heiti yfir flotaforingja. (8)
13. Sú skapanorm sem er fulltrúi fortíðar. (5)
14. Svæðið milli Langjökuls og Hofsjökuls og Hvítár í suðri og Seyðisár og Svörtukvíslar í norðri. (6)
16. Kurteis. (7)
20. Möwe kvæðið eftir Þórarinn Eldjárn fjallar um _____. (8)
21. Titill konu, næstur í tign á eftir drottningu. (9)
22. Hryggleysingi sem er snfkill og veldur ormaveiki. (9)
23. Sá hluti á síðu manna sem stendur mest út, þar sem mætast læri og bolur. (9)
24. Félag aðstandenda fanga. (5)
26. Stöðuvatn í Mýrarsýslu. (9)
28. Hryggdýr með misheitt blóð þar sem frjógung á sér stað innvortis. (8)
31. Sykraður börkur skrápsítrónu. (6)
32. Mark _____, skáldanafn bandaríska rithöfundarins Samuel Clemens. (5)
34. Eyja sem er hluti af Færeyjum en þar eru m.a. bæirnir Sandur, Skarfanes og Skálavík. (6)





Texti: keg

Myndir: js

Allir hópar eigi fulltrúa þegar skólastarf er metið

Um áhrif barna á eigið líf og lýðræðislegt umræðumat

„Það er hægt að fara margar ólíkar leiðir í skólastarfi,“ segir dr. Anna Magnea Hreinsdóttir, fyrsti doktorinn í leikskólafræðum sem útskrifast á Íslandi og leikskólafulltrúi Garðabæjar. „Engin leið er sú eina rétta,“ heldur hún áfram. „Það sem stendur þróun skólastarfs fyrir þrífum héraðis er hins vegar skortur á umræðuhefð. Hún er mjög skammt á veg komin á Íslandi og ekki bara í skólastarfi heldur á öllum sviðum mannlífsins. Liður í að búa til og festa í sessi umræðuhefð er að hleypa öllum hagsmunahópum að í umræðu og ákvarðanatöku og byrja strax í bernsku.“

Doktorsverkefni Önnu Magneu ber titilinn: „*Af því að við erum börn*“. Lýðræðislegt umræðumat á menntun barna og þjónustu fjögurra íslenskra leikskóla. Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á starf leikskóla og meta það með aðferðum lýðræðislegs umræðumats þar sem sérstaklega er leitast eftir sjónarmiðum barna. Tilgangurinn með þessu er að vekja umræður um stöðu barna í leikskólum og færa rök fyrir því að raddir barna geti haft áhrif á starf þeirra.

„Hagsmunir barna eru alls ekki alltaf í forgrunni í skipulagi skólastarfs,“ segir Anna Magnea. Til dæmis eru það ekki þarfir barna sem ráða lengd dvalartíma. Það er miklu fremur atvinnuþátttaka foreldra, sem sagt atvinnulífið í landinu. Þá eru starfsmenn líka að gæta eigin hagsmuna, sem hefur áhrif, til að mynda er almennt ekki vinsælt að vinna til klukkan fimm á daginn.“ Anna Magnea er sjálf fyrrum skólastjóri og rekstraraðili leikskóla og segist hafa fengið þá reynslu

sína staðfesta í doktorsverkefninu að börn hafi almennt litla stjórn á lífi sínu. „Sjónarmið þeirra eru oft önnur en við höldum,“ segir hún. „Þau eru til dæmis ekkert leið yfir að vera lengi í leikskólanum svo fremi það sé gaman. Ef þau skemmta sér ekki þá vilja þau fara heim.“

Það er athyglisvert að þótt börnin sem tóku þátt í rannsókninni séu ung að árum þá eru þau ákveðin í að þau vilja fá að ráða meiru um líf sitt. Það kom margt fleira mjög skýrt fram, til dæmis að þau vilja vera í námunda við dýr, að þau kjósa leiki með mikilli hreyfingu og að „konurnar“ ráða allt of miklu.“

Við fáum engu að ráða, er það nokkuð? Nei engu, konurnar ráða bara. *Nemandi í leikskóla.*

Að sögn Önnu Magneu þá ráðskumst við allt of mikið með börn, hlustum lítið á þau og skipuleggjum athafnir þeirra í leikskóla um of. Lýðræðislegt umræðumat er aðferð sem var þróuð sérstaklega til að ná til valdaminni aðila, þar með talið barna. Ytra mat á skólastarfi, eins og til dæmis mat sveitarfélaga og menntamálaráðuneytis, er sérfræðimat en sú nálgun hefur verið gagnrýnd fyrir að vera of fjarri flóknu samhengi hversdagsins og ólíkum sjónarmiðum þeirra sem koma að skóla-



Matsfræðingarnir Ernest R. House og Kenneth R. Howe skilgreindu forsendur lýðræðislegs umræðumats sem Anna Magnea notaði í rannsókn sinni.



Foreldrar eru frekar lítið virkir í skólastarfinu, það er lítið hlustað á börn og lítil umræða um plögg sem fólki er gert að vinna eftir, svo sem lög og skólanámskrár.

starfi. „Þeir fræðimenn sem gagnrýna sérfræðinálgunina,“ segir Anna Magnea, leggja áherslu á mannlega þáttinn og kalla eftir þátttöku allra helstu hagsmunaaðila leikskólastarfsins.“

Í rannsókn sinni kannaði Anna Magnea skólastarf í fjórum leikskólum með tilliti til meðal annars þjónustu þeirra, rekstrarforms og tengsla þess við skólastarfið, þeirra aðferða sem notaðar höfðu verið til að leggja mat á starfið og loks hvaða kosti og galla það hefði að innleiða lýðræðilegt umræðumat.

Skólarnir sem hún valdi til þátttöku voru tveir Reggio Emilio skólar og tveir Hjallaskólar. Annar Reggio skólinn er einkarekinn með þjónustusamning við sveitarfélag en hinn rekinn af sveitarfélagi og annar Hjallaskólinn er rekinn af Hjallastefnunni en hinn af sveitarfélagi. „Það kom mér á óvart hvað þessir skólar eru líkir hver öðrum í daglegu starfi,“ segir Anna Magnea. „Ég held að það sé einhver menning á Íslandi sem endurspeglar í skólastarfinu og felst í fremur lítilli félagslegri virkni. Foreldrar eru til dæmis frekar lítið virkir í skólastarfinu, það er lítið hlustað á börn og lítil umræða um plögg sem fólki er gert að vinna eftir, svo sem lög og skólanámskrár. Gerjun í skólastarfi verður að vera til staðar í sífellu. Ég þekki til dæmis til í Danmörku og Danir hafa þessa samræðuhefð en við Íslendingar höfum tamið okkur að setja reglur í staðinn fyrir að ræða málín. Við slökkvum á umræðu með reglusetningum.“

Eitt af því sem Anna Magnea skoðaði var hvort rekstrarform hefði áhrif á skólastarf og komst að því að svo væri ekki. „Innra starf og gæði þess veltur ekki á rekstrarformum heldur á metnaði stjórnenda,“ segir hún. „Þá langar mig að nefna að þótt skólinn kreppi um þessar mundir þá þarf viðhorfavinna í skólum ekki að kosta neitt. Svigrúm til

þess að hleypa nemendum að borðinu þegar skólastarf er metið er fyrir hendi. Reynslan af því að innleiða lýðræðislegt umræðumat í þessum fjórum skólum hefur meðal annars beint sjónum starfsfólks að því hversu greinandi og þenkjandi nemendur eru og hvað þeir eiga auðvelt með að tjá skoðanir sínar. Við þurfum bara að nota viðeigandi aðferðir til að nálgast sjónarmið barna og þær felast fyrst og fremst í því að nota leikinn og hópinn. Börn þurfa að upplifa frelsi til að tjá sig. Ef þú tekur barn og stillir því upp andspænis þér til þess að taka viðtal við það getur afrakstur orðinn rýr. En ef þú lætur það fá blað og liti eða tekur fleiri börn með þá fer eitthvað að gerast.“

Anna Magnea leggur áherslu á að börn eru ekki einsleitir hópur. „Við hugsum ekki þannig um fullorðna að þeir séu allir eins, með sömu skoðanir, áhugamál, lífsgildi og svo framvegis. En þannig hættir okkur til að hugsa um börn. Börn eru hins vegar alveg jafnólík innbyrðis og fullorðið fólk.“ Í lýðræðislegu umræðumati fá ólík sjónarmið að njóta sín og þar sem matið tekur einnig til starfsfólks leikskólans og foreldra nemendanna þá koma fram flest ef ekki öll atriði sem fulltrúar allra helstu hagsmunahópa telja að skipti mestu máli í leikskólastarfi. „Börnin sem hafa mestra hagsmuna að gæta eru einnig valdaminnst en með því að innleiða þessa aðferð eru þeim færð meiri völd,“ bendir Anna Magnea á. „Mér fannst líka frábært að sjá hversu mikið umræða jókst við að innleiða þessa matsaðferð. Fólk setti sig frekar hvert í annars spor og hafði meiri og betri skilning á aðstæðum hvert annars. Svo fengu líka allir vettvang til að setja fram skoðanir sínar. Helstu annmarkar fólust í því að ná hópum saman og mikilvægt er að skapa menningu trausts í skólunum svo að fólk þori að setja fram skoðanir sínar,“ segir Anna Magnea að lokum.

Það hefur komið í ljós að fjöldaskólun er erfiðari í framkvæmd en við gerðum ráð fyrir. Til að brúa bilið milli dapurlegs veruleika og fyrri tíma væntinga treysta fræðimenn og kennarar á aðferðir sem taka mið af tölvutækni og öðrum rökrænum leiðum til að miðla upplýsingum – sem aftur voru þróaðar upp úr iðnaði og hernaði, það er að segja framleiðslutækni og kerfishönnun um mannlegt atferli. Undirskilin er sú von okkar að eftir því sem við uppgötva fleiri og fleiri rökréttar leiðir til að velja, skipuleggja og dreifa þekkingu muni börn læra á árangursríkari hátt.

Það verður þó sífellt augljósara að helstu þröskuldar í vegi fyrir námi eru ekki hugræns eða vitsmunalegs eðlis. Vandinn er ekki sá að nemendur geti ekki lært heldur að þeir vilja það ekki. Tölvur þjást ekki af áhugaleysi en það gera manneskjur. Okkur hefur enn ekki lærst að forrita börn þannig að þau læri upplýsingarnar sem við afhendum þeim eins og tölvur gera. Því miður hafa hugræn vísindi ekki tekið þetta nægjanlega með í dæmið. Inntak náms er þess vegna víðs fjarri í hinni fyrirferðarmiklu hugrænu áherslu í menntavísindum.

Mihaly Csikszentmihalyi, 1991.

Þýðing: keg

Mynd: Villi Ingi



Kennarar

á hugaverð námskeið


á haustönn

Námskeið á haustönn 2010

- Ertu að fara að kenna Snorra 3. september
- Hljóm2 7. september og 15. október
- Málfræði grundvöllur ritunar 21. og 23. september
- Mismunandi mál 12. og 14. október
- Húmor í skólastofunni 21. október
- Að kenna málfræði 9. og 11. nóvember
- Myndbandagerð í tungumálakennslu
- Mindfulness (núvitund) fyrir kennara

nánari upplýsingar á

<http://vefsetur.hi.is/srr>



Lausar stöður

við Grunnskólann á Þórshöfn
Lausar eru eftirtaldir stöður við Grunnskólann
á Þórshöfn frá 1. ágúst 2010

- Staða skólastjóra
- Kennara vantar í umsjónarkennslu og í almennum greinum

Umsóknarfrestur er til föstudagsins 11. júní nk.

Upplýsingar gefa Heiðrún Óladóttir,
skólastjóri í sínum 468 1164 og 893 5836,
heidrun@langanesbyggd.is og Gunnólfur
Lárusson, sveitarstjóri í sínum 468 1220 og
821-1646 sveitarstjori@langanesbyggd.is

Grunnskólinn á Þórshöfn er einsetinn skóli með rúmlega 80 nemendum í hæfilega stórum bekkjardeildum. Á Þórshöfn búa um 400 manns í sérlega fjölskylduvænu umhverfi. Á staðnum er öll almenn þjónusta, heilsugæsla, verslun, veitingastaður, góður leikskóli og glæsileg íþróttamiðstöð ásamt sundlaug með aðstöðu fyrir alla aldurshópa. Fjölbreyttir útvistarmöguleikar eru til staðar í ósnortinni náttúru. Samgöngur eru góðar, m.a. er flug fimf daga vikunnar til Reykjavíkur um Akureyri.



Leikskólakennari óskast á leikskólann Sælukot.

Sælukot er einkarekinn leikskóli rekinn af **jógahreyfingunni** Ananda marga.

Uppeldisstefna leikskólans kallast **Neó-húmanismi** sem byggist á jóga og leggur áherslu á **ást og virðingu** gagnvart öllu. Á leikskólanum er boðið upp á **grænmetisfæði** og börnunum kennd hugleiðsla og jógaæfingar.

Nánari upplýsingar gefur Sunna Jóhannsdóttir leikskólustjóri í síma 562 8533 og 692 3361. Hægt er að senda umsókn í pósti eða á netfangið

leikskolinnsaelukot@gmail.com

Meðmæli óskast með umsókn.

Þitt sigurmerki
í framtíðinni



V-deild

fyrir ungt fólk sem vill ráða sínum sparnaði

Þú tryggir þér ávallt góðan lífeyri með því að greiða iðgjald til LSS.
En þú getur aukið lífeyrisréttindin umtalsvert í **V-deild** - valið að styrkja
grunnréttindi eða setja umframgreiðslur í séreignarsjóð.

Kynntu þér málin. Gerðu valið að þínu sigurmerki í framtíðinni.



LÍFEYRISJÓÐUR
STARFSMANNA
SVEITARFÉLAGA

Vegmúla 2 • 108 Reykjavík • Sími 540 0700 • Netfang lss@lss.is • www.lss.is